FRÉTTABLAÐIÐ
138. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 13. JÚNÍ 2018



Fulltrúar flokkanna í nýjum meirihluta í borginni hittust í gær og gerðu sér glaðan dag, eftir að hafa kynnt nýjan málefnasamning fyrr um daginn. Þau segja mikinn samhljóm með flokkunum og eru bjartsýn. Meirihlutinn samanstendur af Samfylkingu, Viðreisn, Pírötum og Vinstri grænum. Dagur B. Eggertsson heldur borgarstjórastólnum. Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Stærstu stjórnendur aldrei svartsýnni

**Undanfarna mánuði hefur hagkerfið sýnt þess merki að farið sé að hægja á tannhjólum þess. Stjórnendur stærstu fyrirtækjanna eru svartsýnni nú en nokkru sinni. Afar mikilvægt að mati framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins að vel takist til við gerð kjarasamninga.**

**KJARAMÁL** „Þetta staðfestir það sem við höfum skynjað í samtölum við félagsmenn okkar undanfarna mánuði. Upp á síðkastið höfum við reglulega fengið fréttir af því að fyrirtæki séu að draga saman seglin og jafnvel loka starfsstöðvum til að bregðast við raungenginu og stöðunni á vinnumarkaði,“ segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Ársfjórðungslega gerir Gallup könnun á viðhorfi stjórnenda fyrirtækja til stöðu og framtíðarhorfa stærstu fyrirtækja landsins. Könnunin er unnin fyrir Samtök atvinnulífsins í samstarfi við Seðlabankann.

Sextíu prósent stjórnenda telja aðstæður nú góðar og hefur þeim fækkað um tíu prósentustig frá því könnunin var framkvæmd fyrir þremur mánuðum. Tólf prósent telja aðstæður slæmar og hefur sú tala tvöfaldast frá síðustu könnun. Þá hafa væntingar stjórnenda til næstu sex mánaða aldrei mælst minni, ekki einu sinni meðan og skömmu eftir að efnahagskerfi landsins hrundi.

Sigurður segir komandi kjarasamningaviðræður skipta miklu máli. Lítið sem ekkert svigrúm sé til að hækka laun. Það velti mikið á væntingum launþega og aðgerðum stjórnvalda hvernig muni fara. Tilraunir undanfarinna ára, til að mynda SALEK-samkomulagið, hafi mistekist alfarið.

„Þó að kaupmáttur hafi aukist umtalsvert þá hefur húsnæðiskostnaður, sérstaklega þeirra sem lægstu launin hafa, aukist talsvert meira. Það verður að finna lausn á því,“ segir Sigurður. Náist ekki góð sátt í samningaviðræðunum er viðbúið að samkeppnishæfni muni minnka sem leiði síðan til aukinnar verðbólgu.

„Þessar niðurstöður koma ekki á óvart. Það er raunsætt mat að það er að draga úr hagvexti,“ segir Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins.

Grímur segir að það skipta máli að feta línudansinn milli verðbólgu og gengis krónunnar. Gjaldmiðillinn hafi gefið eftir frá því sem verið hefur og viðbúið sé að það haldi áfram. „Húsnæðismálin eru hluti af stóru myndinni. Mín tilfinning er sú að kólnun í hagkerfinu taki líka til byggingamarkaðarins. Það verður eitt af þeim málum sem koma á borð stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í komandi viðræðum. Félagslegar lausnir hljóta að verða hluti af sátt á vinnumarkaði,“ segir Grímur. **– jóe**




## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Umhverfisráðherra segir stórfelld tækifæri við friðlýsingar. 11

**SPORT** Gylfi Þór er klár í nítíu mínútur gegn Argentínu. 12

**MENNING** Ný ópera Daníels Bjarnasonar fær glimrandi dóma. 18

**LÍFIÐ** Bleikt þema í útgáfupartíi Dóru Júlíu í kvöld. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **MARKAÐURINN**



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Hæg breytileg átt og skúrir í dag en yfirleitt þurrt suðaustanlands. Þykknar upp um norðanvert landið og fer að rigna á Austfjörðum í kvöld. SJÁ SÍÐU 16



**Unnið er að stækkun og breytingum á plani umdeildrar rútumiðstöðvar í Skógarhlíð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Eftirlitinu hafa borist kvartanir

**SKIPULAGSMÁL** „Vegna fjölda kvartana um ónæði vegna starfseminnar er óskað svars svo fljótt sem kostur er,“ segir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í bréfi þar sem óskað er eftir að skipulagsfulltrúinn í Reykjavík upplýsi hvort skipulag heimili samgöngumiðstöð í Skógarhlíð 10.

Fram kemur í bréfinu að heilbrigðiseftirlitinu hafi borist kvartanir vegna mengunar og ónæðis vegna rútuumferðar við Skógarhlíð 10, sérstaklega á nóttunni.

„Kvartanir eru staðfestar þar sem að við eftirgrennslan kom í ljós að rútur stoppa fyrir framan fyrirtækið Bus Hostel, Skógarhlíð 10, þar sem eru skipulagðar áætlunarferðir allan sólarhringinn,“ segir heilbrigðiseftirlitið. Komið hafi á daginn að bæði rútufyrirtæki og önnur ferðaþjónustufyrirtæki séu með skipulagðar ferðir til og frá Skógarhlíð 10.

„Staðurinn er auglýstur sem samgöngumiðstöð (main terminal) á vefsíðunni airportdirect.is. Enn fremur kom í ljós í samtali við einn af rekstraraðilum í húsinu að þjónustan er ætluð fleiri en gestum Bus Hostel. Heilbrigðiseftirlitið metur því að um samgöngumiðstöð sé að ræða þar sem almenningur nýtur þjónustu í tengslum við fólksflutninga sem auglýst er á netinu,“ segir heilbrigðiseftirlitið.

Bréfið var tekið fyrir á fundi hjá skipulagsstjóra á föstudaginn og var vísað til umsagnar verkefnisstjóra hjá embættinu. Þar er málið enn til skoðunar. **– gar**

## Sólarvörn og símtal



Strákarnir okkar æfðu í gær í þriðja sinn á æfingavellinum í Kabardinka. Fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson sést hér maka sólarvörn á kollinn á sér, enda steikjandi hiti og sól þar ytra, á meðan hann talar í símann. Ekki fékkst uppgefið við hvern Aron þurfti nauðsynlega að tala á þessari stundu, en svo virtist af svip liðsfélaga hans, Harðar Björgvins Magnússonar, að hann vildi líka vita hver væri á hinum enda línunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ráðherra skýtur á Miðflokkinn

**ALÞINGI** Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra setur spurningarmerki við lagafrumvarp þingmanna Miðflokksins sem kveður á um að húsnæðisverð skuli ekki reiknað með í útreikningi vísitölu neysluverðs.

Málinu var vísað til ríkisstjórnar á þingfundi í gær. Gramdist þingmönnum Miðflokksins það mjög og hótuðu málþófi. Sögðu þeir að frávísunartillagan stangaðist á við samkomulag um þinglok.

„Höggið á lánþega við bankahrunið hefði orðið miklu meira ef húsnæðisliðurinn hefði ekki verið inni í vísitölunni. Verðtryggð lán hefðu þá hækkað um 22% í stað 15%,“ skrifar Sigríður á Facebooksíðu sinni og bætir við.

„Verðbólgan á þessu tímabili var stundum nefnd forsendubrestur. Hvað hefði hún verið nefnd ef hún hefði verið helmingi meiri?“ **– dfb**




# Látinn taka poka sinn rétt fyrir vígsluathöfn

**Séra Skírni Garðarssyni sárnar að sóknarprestur sem hann hefur leyst af í Vík verði við vígslu legsteins á gröf flökkukonunnar Viggu gömlu. Skírnir átti að þjóna út sumarið í Mýrdal en var óvænt leystur undan þeirri skyldu sinni í gær.**



**Vigga gamla er óvænt miðpunktur deilna í Mýrdalnum.**

**MENNING** „Við hjónin verðum ekki viðstödd athöfnina að Skeiðflöt, þótt við séum á svæðinu. Það svíður sárt, en nærveru minnar er ekki óskað,“ segir séra Skírnir Garðarsson, sem verið hefur verið starfandi sóknarprestur í Vík í Mýrdal.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á mánudag verður nýr legsteinn á leiði flökkukonunnar Vigdísar Ingvadóttur, Viggu gömlu, afhjúpaður í Skeiðflatarkirkjugarði næsta laugardag. Brottfluttar konur úr héraðinu söfnuðu fyrir steininum á leiðið sem var ómerkt. Vigga gamla lést árið 1957.



**Legsteinn Viggu verður afhjúpaður á laugardaginn klukkan tvö.** MYND/ANNA DÖGG ÞORSTEINSDÓTTIR

Séra Skírnir, sem er héraðsprestur á Suðurlandi, hefur verið afleysingaprestur í Mýrdal fyrir séra Harald M. Kristjánsson og átti að vera til 1. september. Það verður engu að síður Haraldur sem þjónar sem prestur við athöfnina á Skeiðflöt á laugardaginn. Aðspurður segir séra Skírnir þessa tilhögun vera að sér forspurðum og kveðst hafa gert athugasemd til prófasts. Hann hafi hins vegar fengið þau svör fyrir hádegi í gær að Haraldur hafi ákveðið að hætta í fríinu og að samningur við hann varðandi þjónustu í sumar verði afturkallaður.

„Ég hef þjónað kallinu í allan vetur í fjarvistum hans, og ég vissi ekki annað en það væri frágengið að ég þjónaði áfram í sumar, enda hafði Haraldur margítrekað þá afstöðu sína til málsins,“ segir séra Skírnir.

Héraðspresturinn tekur fram að hann hafi ekki átt í útistöðum við nokkurn mann eystra og átt farsæl samskipti við Vigdísarnefndina, sóknarnefndir, séra Harald og annað kirkjufólk á svæðinu.

„Ég lagði á mig töluverða vinnu í vetur til að útvega mynd af leiði Viggu heitinnar og ég hef hvatt fólk með ráðum og dáð til að koma legsteini upp á leiði hennar. Nú er ekki óskað eftir nærveru minni,“ segir Skírnir sem kveðst fagna því að Vigga gamla skuli nú loks fá bautastein – þótt málið valdi usla meðal kirkjufólksins. „Vigga var afkomandi eldklerksins, séra Jóns Steingrímssonar. Það var aldrei lognmolla kringum þann ágæta mann,“ segir séra Skírnir. **gar@frettabladid.is**

> **Ég vissi ekki annað en það væri frágengið að ég þjónaði áfram í sumar, enda hafði Haraldur margítrekað þá afstöðu sína til málsins.**
>
> Séra Skírnir Garðarsson, starfandi sóknarprestur í Vík í Mýrdal






# Heima

Fáðu þér Heima, allt í einum pakka fyrir heimilið. Bestu fjarskiptin sem við höfum upp á að bjóða og sjónvarpsáskrift sem hentar þér.

**Verð frá 12.990 kr. á mánuði.**

**Kynntu þér málið á Vodafone.is**

## Afþreying

- Þú velur á milli: Stöð 2, Stöð 2 Maraþon, Stöð 2 Sport, Golfstöðin, Skemmtipakkinn, Sportpakkinn eða Risapakkinn.

2 · 2 MARAÞON · 2 Krakkar · 2 BÍÓ · 2 SPORT · Golfstöðin · hopster · 3 · CIRKUS

+ yfir 60 erlendar stöðvar

## Nýr Samsung UHD/4K myndlykill

- Vodafone Sjónvarp
- Leigan, Frelsi, Tímavél og Vodafone PLAY appið

## Internet

- 1000 Mb/s, ávallt mesti hraði
- Ótakmarkað gagnamagn

## Heimasími

- Ótakmarkað í alla farsíma og heimasíma á landinu
- Ótakmarkaðar mínútur til útlanda

Framtíðin er spennandi.
**Ertu til?**

vodafone

# Bílstjóri gleður farþega og skreytir vagninn á tyllidögum

**HM** Farþegar og fótboltaunnendur sem ferðast með leið ellefu hjá Strætó eiga á góðu von næstu daga. Vagnstjórinn Össur Pétur Valdimarsson hefur undirbúið ýmiss konar uppátæki fyrir HM. Hann mun skreyta vagninn og sjá til þess að stemningin verði góð í vagninum á meðan á leikjum stendur.

„Ég er líklega einn heitasti stuðningsmaður íslenska landsliðsins, ég verð að keyra á laugardaginn þegar liðið etur kappi við Argentínu og hlusta á leikinn í vagninum. Ég vil sýna strákunum stuðning en líka bjóða upp á góða stemningu fyrir farþega,“ segir Össur Pétur sem segist njóta starfsins. Hann hefur unnið sem vagnstjóri í fjölda ára og gæti vart hugsað sér að gera annað. „Mér finnst mjög gefandi að gleðja fólk. Ef ég get glatt fólk sem er illa fyrirkallað, fengið það til að brosa, þá finnst mér dagurinn vel heppnaður,“ segir Össur Pétur. „Ég er nú samt bara mannlegur líka. Ef það er eitthvað sem veldur mér hugarangri í vinnunni þá er það vont viðhald á vegum og umferðarteppur. En það leysist allt, það eru allir af vilja gerðir, maður verður að trúa því og passa upp á góða skapið.“

Hann tekur fram að hann geri engan greinarmun á liðum karla og kvenna. „Ég er líka einlægur aðdáandi kvennalandsliðsins og skreyti vagninn eða tek upp á einhverju skemmtilegu þegar þær eiga í stórum viðureignum. Hér í þessum vagni er sko ekki gert upp á milli kynja, ég á sjálfur bæði strák og stelpu og gæti vel að þessu,“ segir Össur Pétur. – **kbg**



**Össur Pétur Valdimarsson glaðbeittur í vinnunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Ákæra gefin út í Icelandair máli

**DÓMSMÁL** Gefin hefur verið út ákæra á hendur yfirmanni hjá Icelandair sem sendur var í leyfi vegna meintra brota á lögum um verðbréfaviðskipti. Grunur leikur á að þrír aðrir hafi verið í slagtogi með honum, grunaðir um að hafa nýtt innherjaupplýsingar frá yfirmanninum til að gera framvirka samninga með hlutabréf í Icelandair Group. Fréttablaðið greindi fyrst frá málinu í júlí í fyrra.




Samningarnir eiga að hafa verið gerðir stuttu áður en félagið sendi kolsvarta afkomutilkynningu til Kauphallar í febrúar 2017. Mennirnir veðjuðu á að bréf félagsins myndu falla í verði, sem varð raunin, en gengi bréfa lækkaði um 24 prósent sama dag og afkomuviðvörunin birtist. Allt að sex ára fangelsisdómur getur legið við innherjasvikum.– **dfb**

## Krefst 18 ára fangelsisdóms

**DÓMSMÁL** Ákæruvaldið fer fram á 18 ára fangelsisdóm í máli Dags Hoe Sigurjónssonar sem ákærður er fyrir að hafa orðið Albananum Klevis Sula að bana í desember. Aðalmeðferð málsins lauk í gær.

Dagur er ákærður fyrir manndráp með því að hafa veist að Klevis með hníf og stungið hann ítrekað. Þá er Dagur ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að hafa einnig ráðist að félaga Klevis, Elio Hasani, og veitt honum skurðsár.

Þyngsta refsing fyrir manndráp er sextán ár en ákæruvaldið fór fram á þyngingu dóms á þeim forsendum að Dagur sé einnig ákærður fyrir tilraun til manndráps. – **ósk**

# Vonast eftir góðu samstarfi við minnihlutann í Reykjavík

**Mikil bjartsýni er meðal stjórnarliða meirihlutans í borginni fyrir komandi kjörtímabil. Segja mikinn samhljóm milli flokkanna. Meirihlutinn er myndaður um jákvæða borgarþróun, húsnæðismál, borgarlínu og skipulags- og samgöngumál.**

**REYKJAVÍK** Borgarstjórnarfulltrúar nýs meirihluta eru stórhuga fyrir kjörtímabilinu sem nú er hafið. Þeir segja að samningaviðræður um myndum meirihluta hafi gengið vel og mikill samhljómur hafi verið milli flokkanna.

Að baki meirihlutanum standa Samfylkingin, Viðreisn, Píratar og Vinstri græn. Flokkarnir fengu samtals tólf fulltrúa af 23 mögulegum. Meirihlutinn er því aðeins einn maður.

„Þó við spönnum allt hið pólitíska litróf þá kom í ljós að í stærstu málunum vorum við í grunninn sammála. Við lögðum mikið upp úr því að mynda liðsheild og að það væru opin samskipti og samvinnugrundvöllur,“ segir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar og nýr formaður borgarráðs.

Lóa segir að nýr meirihluti vilji á kjörtímabilinu stefna að víðtæku samráði við minnihlutann. Í kosningabaráttunni hafi allir flokkar komið fram með mál sem þeir brenna fyrir og margt af því sem minnihlutaflokkarnir hafi lagt til hafi líka verið að finna í stefnu meirihlutans.

„Ég er bjartsýnn fyrir kjörtímabilið. Það er gleðiefni að stór, öflugur og góður hópur fólks úr ólíkum áttum hafi ákveðið að taka höndum saman um að þróa græna, fjölbreytta og nútímalega borg, sem leggur áherslu á gott skóla og velferðarkerfi, góða þjónustu, öruggt húsnæði og öflugt atvinnulíf – og er jafnframt borg fyrir alla. Meirihlutinn er myndaður um jákvæða borgarþróun, skipulags og samgöngumál, húsnæðismál og borgarlínu og sókn á öllum sviðum,“ segir borgarstjórinn Dagur B. Eggertsson.

Í sáttmála meirihlutans segir að stefnt sé að því að hraða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla með fjölgun ungbarnaleikskóla. Þá verði jafnrétti meðal annars tryggt með því að eyðublöð geri ráð fyrir öllum kynjum og úttektir verði gerðar á búningsherbergjum og salernum borgarinnar. Strætó muni aka oftar á háannatímum og gjaldskyldum bílastæðum fjölgar og gjaldskyldutími lengdur.

„Það sem stendur upp úr sáttmálanum fyrir mitt leyti er tvennt. Annars vegar hugum við vel að atvinnulífinu, pössum upp á fjölbreytni þess og tryggjum að það geti vaxið og dafnað. Hitt málið er að þjónusta við borgarbúa og fyrirtæki verði notendavædd en þar eru gríðarleg sóknarfæri,“ segir Lóa. Stefnt verður að því að gera þjónustuna auðveldari, miðlægari og aðgengilegri bæði fyrirtækjum og einstaklingum.

„Það skiptir miklu máli að hafa stöðugleika í borgarstjórn og borgarráði. Samvinna og áreiðanleiki skiptir máli til að allt gangi upp, ekki síst fyrir borgarbúa sjálfa. Við verðum að halda ákveðið áfram, sýna stöðugleika og taka ábyrgar ákvarðanir,“ segir Lóa.

**joli@frettabladid.is**

### Verkaskiptingin í borginni


**Borgarstjóri**
Dagur B. Eggertsson


**Formaður borgarráðs**
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir


**Forseti borgarstjórnar**
Dóra Björt Guðjónsdóttir fyrsta árið en Pawel Bartoszek tekur svo við


**Umhverfis- og heilbrigðisráð**
Líf Magneudóttir


**Formaður mannréttinda- og lýðræðisráðs**
Dóra Björt Guðjónsdóttir


**Skóla- og frístundaráð**
Skúli Helgason


**Velferðarráð**
Heiða Björg Hilmisdóttir


**Skipulags- og samgönguráð**
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir


**Menningar- og íþróttaráð**
Pawel Bartoszek fyrsta árið en Hjálmar Sveinsson tekur svo við

RAM PALLBÍLADAGAR 12. - 13. JÚNÍ

GLÆSILEG RAM PALLBÍLASÝNING.
TIL SÝNIS RAM 3500 PALLBÍLAR
ÓBREYTTIR OG MEÐ 40” BREYTINGU.

SÝNUM EINNIG 7 MANNA
DODGE DURANGO GT LÚXUSJEPPA.

OPIÐ Í KVÖLD TIL KL 21:00
EIGUM BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX.

HÖRKUTÓL SEM ENDIST



RAM

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK - BANDARÍSKA EHF • UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
SÍMI: 534 4433 • WWW.RAMISLAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 5. ÁGÚST

LAND ROVER

# KOMDU OG REYNSLU-AKTU NÝJUM LAND ROVER Í DAG

ABOVE & BEYOND

landrover.is




Búnaður bíls á mynd er frábrugðinn búnaði bíls á auglýstu verði

## DISCOVERY SPORT SE

Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni dísilvél, upphitaðri framrúðu, nýrri 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

DISCOVERY SPORT SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 6.890.000 kr.

## RANGE ROVER EVOQUE SE

Nýr Range Rover Evoque er hlaðinn mögnuðum nýjungum sem fullkomna útlit þessa einstaka sportjeppa. Nýja 2,0 lítra INGENIUM dísilvélin í Evoque er sparneytnari og hefur að sama skapi 17% minni $CO_2$ útblástur.

RANGE ROVER EVOQUE SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 6.890.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM87610

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

# Kona boccia-þjálfarans taldi enga hættu af líflátshótun Guðrúnar

**DÓMSMÁL** Guðrún Karítas Garðarsdóttir sem ákærð hefur verið fyrir að hóta fyrrverandi boccia-þjálfaranum Vigfúsi Jóhannessyni lífláti, neitaði sök við aðalmeðferð málsins sem fór fram í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær.

Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá hefur umræddur þjálfari verið til rannsóknar hjá lögreglu um nokkurra ára skeið vegna meintra kynferðisbrota. Honum var birt ákæra í apríl síðastliðnum þar sem honum er gefið að sök að hafa ítrekað nauðgað þroskaskertri konu sem æfði boccia undir hans handleiðslu.

Í ágúst síðastliðnum varð Guðrún þess áskynja að Vigfús var að reyna að setja sig í samband við dóttur hennar. Hún brást þá ókvæða við og þusti inn á gólf vinnustaðar hans og hafði í hótunum við hann í vitna viðurvist.

Í ákæru er henni gefið að sök að hafa sagt: „Ég skal drepa þig, helvítið þitt,“ og „jú, víst, ég get látið drepa þig“. Í ákæru er byggt á því að orðin hafi verið til þess fallin að vekja ótta Vigfúsar um líf sitt og velferð. Guðrún neitaði því í héraðsdómi í gær að hafa viðhaft þessi orð en viðurkenndi að hafa sagt: „Ég skal drepa þig ef þú snertir dóttur mína.“ Þá bar hún að þessi orð hefðu ekki verið til þess fallin að Vigfús hefði með réttu mátt óttast um líf sitt, heilbrigði og velferð.

Vigfús gaf einnig skýrslu fyrir dómi og bar að hann hefði orðið hræddur í kjölfar orða Guðrúnar. Eiginkona Vigfúsar bar hins vegar fyrir dómi að henni hafi virst orð Guðrúnar hafa verið látin falla í brjálæðiskasti og engin raunveruleg hætta hafi verið á ferðum. **– aá**



**Vigfús mætti til aðalmeðferðar málsins í gær og bar að hann hefði orðið hræddur í kjölfar orða Guðrúnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

## Birti stefnu í máli öðrum stefnuvotti

**DÓMSMÁL** Friðrik Ragnar Jónsson hefur verið dæmdur til að greiða Þorsteini Hjaltested um 119 milljón krónur auk vaxta vegna skuldar. Við meðferð málsins var deilt um lögmæti stefnubirtingar í því.

Friðrik krafðist frávísunar því stefnan hefði ekki verið rétt birt. Stefnuvottur hefði komið að heimili hans en þá var Friðrik erlendis. Stefnuvotturinn hafði hringt í annan stefnuvott og fengið hann til að mæta að heimili hans, birt honum stefnuna og skutlað henni inn um póstlúguna. Var ritað í birtingarvottorð að sá síðarnefndi hefði hist fyrir á heimilinu.

Taldi lögmaður Friðriks að stefnuvottinum hefði borið að reyna að birta stefnuna leigjanda í kjallara hússins áður en þessi leið var farin. Hefði hann ekki reynt til fullnustu að birta stefnuna fyrir íbúum hússins. Dómurinn féllst ekki á þetta og taldi heimilt að birta stefnuna hinum stefnuvottinum. Efnisdómur gekk því í málinu. Lögmaður Friðriks segir að málinu verði áfrýjað. **– jóe**

## Mögulegir feður geti höfðað mál

**ALÞINGI** Menn sem telja sig föður barns sem ekki hefur verið feðrað geta höfðað dómsmál til viðurkenningu á faðerni þess eða véfengingar. Áður hafði sú heimild verið bundin við móður, barn eða skráðan föður.

Alþingi samþykkti í gær þessa breytingu á barnalögum en fyrsti flutningsmaður frumvarpsins var Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingar. „Þetta mál er svo stórt réttindamál fyrir börn og feður sem ég hef talað fyrir frá því löngu áður en ég settist á þing,“ ritar Helga Vala á Facebook af þessu tilefni. **– jóe**

# Framsal valds til stofnana ESB á mörkum stjórnarskrárinnar

**Prófessor réð stjórnvöldum frá þeirri leið sem farin var við upptöku persónuverndarlöggjafar Evrópusambandsins í EES-samninginn sem hann telur fordæmalaust framsal framkvæmdarvalds og dómsvalds til stofnana ESB. Ríkisstjórnin og Persónuvernd telja þá leið best til þess fallna að tryggja hagsmuni Íslands.**

**UTANRÍKISMÁL** Með upptöku nýrrar persónuverndarlöggjafar Evrópusambandsins í EES-samninginn er gengið lengra en nokkru sinni í framsali valdheimilda til alþjóðastofnana frá gildistöku EES-samningsins. Upptaka gerðarinnar var staðfest á Alþingi í síðustu viku og efnisreglur hennar voru innleiddar í íslensk lög á Alþingi í gær.

Í EES-samstarfinu vakna æ fleiri álitaefni um hvort farið sé út fyrir mörk stjórnarskrárinnar með innleiðingu gerða sem stefna að auknu valdaframsali. Stjórnarskráin er alveg þögul um heimildir til slíks framsals, ólíkt stjórnarskrám flestra annarra Evrópuríkja. Þegar EES-samningurinn tók gildi þótti valdaframsalið sem í honum fólst á mörkum þess sem stjórnarskráin heimilaði en síðan hafa íslensk stjórnvöld ítrekað þurft að takast á við stjórnskipuleg vandkvæði vegna nýrra viðauka við samninginn.

Með innleiðingunni fær, Evrópska persónuverndarráðið tilteknar valdheimildir gagnvart Íslandi og öðrum EFTA-ríkjum. Ekki var farin sú leið að fela eftirlitsstofnun EFTA þær heimildir.

Í svari við fyrirspurn blaðsins til utanríkisráðuneytisins segir að Ísland sé ekki einrátt um hvaða leið sé farin heldur þurfi að semja um það bæði við EFTA-ríkin og ESB. Það sé hins vegar skoðun þeirra ráðuneyta sem að málinu koma og Persónuverndar að leiðin sem er farin þjóni best hagsmunum Íslands.



**Páll Magnússon mælti fyrir nefndaráliti um viðamiklar breytingar á persónuverndarlögum sem samþykktar voru á Alþingi í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/

Bent er á að Persónuverndarstofnanir EFTA-ríkjanna hafi fulla aðkomu að störfum Evrópska persónuverndarráðsins og taki fullan þátt í öllu starfi þess og meðferð einstakra mála sem varða vinnslu persónuupplýsinga yfir landamæri þótt þær hafi þar ekki formlegan atkvæðisrétt líkt og fulltrúar ESB-ríkjanna. Þá hafi orðið ljóst á síðari stigum undirbúningsins að aðrir samningsaðilar í EES-samstarfinu vildu haga aðlöguninni með þeim hætti sem úr varð.

Stefán Már Stefánsson prófessor var stjórnvöldum til ráðgjafar um upptöku gerðarinnar í samninginn. Í álitsgerð hans segir að sú leið sem farin sé feli í sér að framkvæmdarvald og dómsvald yrði framselt til stofnana ESB með mjög einhliða hætti. Stefán réð stjórnvöldum frá því að fara þessa leið og taldi hana skapa afleitt fordæmi. Þá sé gert ráð fyrir að bókun 34 við EES-samninginn verði virkjuð í fyrsta sinn í sögu samningsins en hún gerir ráð fyrir því að dómstólar EFTA-ríkjanna geti farið fram á að Evrópudómstóllinn taki ákvörðun um túlkun EES-reglna sem samsvara ESB-reglum. Stefán segir fáa hafa trúað því þegar EES-samningurinn var samþykktur að bókunin um Evrópudómstólinn yrði einhvern tíma virkjuð. Að mati Stefáns er því um fordæmalaust framsal valdheimilda að ræða.

> **Það kemur hver gerðin á fætur annarri sem þarf að horfa í frá þessu sjónarhorni.**
>
> Stefán Már Stefánsson prófessor



Stefán fullyrðir þó ekki að þessi leið fari í bága við stjórnarskrána. Hann bendir á að framsalið sé á vel skilgreindu sviði og ákvarðanir persónuverndarráðsins geti eingöngu beinst að hinu opinbera en ekki gegn lögaðilum eða einstaklingum hér á landi.

Um nauðsyn þess að breyta stjórnarskránni segir Stefán stjórnmálamennina verða að ráða ferðinni í því. „Enn erum við auðvitað að lýsa ákveðnum erfiðleikum í þessu og það kemur hver gerðin á fætur annarri sem þarf að horfa mjög í frá þessu sjónarhorni,“ segir Stefán og bætir við: „Á hinn bóginn hefur sýnt sig að okkar stjórnskipulegu fyrirvarar geta haft áhrif í samningaviðræðum og skilað okkur betri lausnum, þannig að þetta getur virkað í báðar áttir.“

**adalheidur@frettabladid.is**


LYFJA – Lifið heil

Fyrir þig í Lyfju

Vöðva eða liðverkir?

Voltaren Gel er bæði verkjastillandi og bólgueyðandi

15% afsláttur af 100g og 150g Voltaren Gel




Voltaren 11,6 mg/g hlaup. Inniheldur díklófenaktvíetýlamín. Staðbundnir bólgukvillar. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins.** Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

lyfja.is

LYFJA – Lifið heil

# HM Partýið sent heim!

## Pantaðu fyrir kl 15:00
## *& fáðu sent heim samdægurs*

EINN TVEIR & ELDA

## Pantaðu núna á **einntveir.is**




**1** *HM EXPRESS*
*FYRIR 4 EÐA 6*

Original Mini Borgarar, Macho Nachos,
Djúsí Drumsticks, Alvöru Gráðostasósa.
6 dósir af Coca Cola / Coca Cola Zero

*Jón Arnar Guðbrandsson*
MATREIÐSLUMEISTARI

## Frábært verð!




**2** *HM VEGGIE EXPRESS*
*FYRIR 4 EÐA 6*

Veggie Style Borgarar, Macho Nachos,
Buffalo Blómkáls „Vængir", Alvöru Gráðostasósa.
6 dósir af Coca Cola / Coca Cola Zero

Coca-Cola
Holta
Santa Maria

Njóttu leiksins *...við sjáum um matinn*  12elda  einntveir.is  581 1200

# Allir hrósa sigri eftir fund aldarinnar

**Kim Jong-un getur fagnað eftir fund sinn með Trump. Kínverjar fagna því að hugmyndum þeirra verði mögulega fylgt eftir en Íranar vara við sviksemi Donalds Trump. Sjálfur segir Trump fundinn undursamlegan en Demókratar gagnrýna meinta eftirgjöf forsetans.**

**SINGAPÚR** Full eftirvæntingar fylgdist alþjóð með því þegar Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, tók í höndina á Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, í Singapúr í fyrrinótt. Um var að ræða fyrsta leiðtogafund ríkjanna tveggja sem lengi hafa átt í hatrömmum deilum.

Þrátt fyrir að hafa áður átt í uppnefnastríði og þrátt fyrir linnulaus og grimmileg mannréttindabrot harðræðisstjórnar Kim var kurteisin allsráðandi á fundinum. Trump talaði um Kim sem „hæfileikaríkan“ og sagðist viss um að hann vildi þjóð sinni vel.








Trump talaði um Kim sem „hæfileikaríkan“ og sagðist viss um að hann vildi þjóð sinni vel. NORDICPHOTOS/AFP

> **Ég vil hrósa Trump forseta og Kim formanni fyrir hugrekki sitt og staðfestu. Þeir hafa tekið stórt skref í átt að breytingum.**
>
> Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu

> **Við höfum ekki enn séð skjölin sem skrifað var undir, en það eitt að fundurinn átti sér stað er að sjálfsögðu jákvætt.**
>
> Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands

> **Ég kunni vel að meta að Trump forseti vakti máls á brottnumdum Japönum á fundinum og þakka honum kærlega fyrir það.**
>
> Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans




### Þetta borðuðu Kim og Trump

**Forréttir**
- Rækjukokteill og lárperusalat
- Mangósalat og ferskur kolkrabbi
- Oiseon, fylltar kóreskar gúrkur

**Aðalréttir**
- Nautarif confit með kartöflugratíni, gufusoðnu brokkólí og rauðvínssósu
- Súrsætt stökkt grísakjöt
- Yangzhou steikt hrísgrjón með XO chilisósu
- Þorskur með radísum og asísku grænmeti

**Eftirréttir**
- Dökk súkkulaðikaka
- Haagen-Dazs vanilluís með kirsuberjamauki
- Tropézienne-terta

Vert er að minna á að í Norður-Kóreu er fólki til að mynda hent í fangelsi fyrir glæpi fjölskyldumeðlima, meðal annars fyrir að horfa á suðurkóreskar bíómyndir. Fólk er pyntað, tekið af lífi og því nauðgað. Fjölmiðla-, tjáningar-, athafnafrelsi er svo gott sem ekkert.

Mennirnir tveir undirrituðu yfirlýsingu eftir spjall sitt. Þrátt fyrir að vera innihaldsrýr er hún almennt álitin gott fyrsta skref í átt að raunverulegum friði á Kóreuskaga. Í henni var meðal annars kveðið á um að vinna að kjarnorkuafvopnun. Eftir fundinn hélt Trump blaðamannafund þar sem hann sagði fundinn hafa gengið undursamlega. Forsetinn sagði Kim hafa fallist á þá kröfu Bandaríkjamanna að kjarnorkuafvopnun yrði sannreynanleg og algjör sem og kröfu um að rífa ónefnda eldflaugatilraunastöð. Sjálfur sagðist Trump ekkert hafa gefið eftir. Þvinganir yrðu enn í gildi.

Trump minntist hins vegar á að Bandaríkjamenn væru ekki mótfallnir því að hætta heræfingum í og með Suður-Kóreu. Ýmsir furðuðu sig á ummælunum og sagði talsmaður forsetaembættis Suður-Kóreu óskýrt hvað Trump væri að tala um.

Aðrir, til að mynda Nancy Pelosi, þingflokksformaður Demókrata í fulltrúadeild Bandaríkjaþings, sögðu að Trump hefði náð litlu fram á fundinum.

Ljóst er að Norður-Kóreustjórn fagnar fundinum. Ekki var sérstaklega kveðið á um með hvaða hætti kjarnorkuafvopnun færi fram, en hugtakið þykir hafa misjafna merkingu í hugum Kim og Trumps. Einræðisherrann vill að allir afvopnist á skaganum en forsetinn einblínir á kjarnorkuvopn Norður-Kóreu.

Kim getur sömuleiðis glaðst yfir því að hafa komið inn úr kuldanum og stigið stórt skref í þá átt að tryggja áframhaldandi líf harðstjórnar sinnar. Þá munu orð Trumps um að hætta heræfingum væntanlega falla í frjóan jarðveg hjá einræðisherranum.

Og það gerðu þau svo sannarlega hjá kínversku ríkisstjórninni. Kínverjar hafa lengi hampað þeirri hugmynd að Norður-Kórea ætti að hætta eldflaugatilraunum og Bandaríkjamenn og Suður-Kóreumenn heræfingum í staðinn. En þótt ríkisstjórnir Kína, Japans, Rússlands, Bandaríkjanna og Suður- og Norður-Kóreu fagni fundinum og hrósi sigri eru ekki allir sáttir. Mohammad Bagher Nobakht, upplýsingafulltrúi írönsku ríkisstjórnarinnar, varaði Kim sérstaklega við Bandaríkjaforsetanum, en Trump dró Bandaríkin nýverið út úr kjarnorkusamningnum sem stórveldi heims gerðu við Íran. **thorgnyr@frettabladid.is**

kosangas

KOSAN SMELLUGAS
Einfalt, fljótlegt og öruggt



Vinur við veginn
olís



# Lokaúrskurður kjararáðs



**Kjartan Hreinn Njálsson**
kjartanh@frettabladid.is

Ritstjórn Fréttablaðsins hefur kært ákvörðun kjararáðs um að synja henni um afrit af fundargerðum ráðsins frá ársbyrjun 2013 til dagsins í dag til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Þetta er staðan eins og hún er í dag.

Aðdragandinn er sá að á síðustu misserum, eða frá því í nóvember árið 2017, hefur Fréttablaðið freistað þess að fá afrit af fundargerðum ráðsins, einfaldlega vegna þess að ritstjórn blaðsins telur efni þeirra eiga erindi við almenning.

Kjararáð tekur ekki undir þetta. Allt frá því að formleg fyrirspurn barst frá ritstjórninni á síðasta ári hefur ráðið bæði dregið það að svara fyrirspurninni og gefið skít í störf blaðamanna Fréttablaðsins með því að segja að afstaða verði tekin til hennar „á nýju ári“. Kjararáð hefur tvisvar hafnað fyrirspurnum ritstjórnarinnar á þessu tímabili. Fyrst var fyrirspurnin of víðtæk, og var hún því þrengd og lögð fyrir aftur. Þann 14. mars síðastliðinn var breyttri fyrirspurn hafnað.

Fréttablaðið hefur tvisvar leitað til úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna framgöngu kjararáðs. Ráðið hefur ítrekað dregið það að svara nefndinni.

Í fyrradag barst loks umsögn kjararáðs til nefndarinnar vegna fyrirspurnar Fréttablaðsins. Þar endurspeglast sú fastmótaða, og á sama tíma afvegaleidda, niðurstaða ráðsins að ekki komi til greina að afhenda Fréttablaðinu afrit af fundargerðunum.

Rökstuðningur kjararáðs byggist fyrst og fremst á þeirri fullyrðingu að ráðið heyri ekki undir framkvæmdarvaldið, sé í raun ekki stjórnvald og starfi fyrir alla þrjá arma ríkisvaldsins. Umbeðnar fundargerðir hafi orðið til í tíð eldri laga en þá hafi ráðið verið undanþegið upplýsingalögum í ljósi sérstakrar stöðu sinnar. Kjararáð hyggst ekki afhenda úrskurðarnefndinni gögnin fyrr en niðurstaða liggur fyrir um hvort það falli undir upplýsingalög.

Í þessu máli öllu leynast verðug viðfangsefni löglærðra einstaklinga, og umræðurnar hér á ritstjórn Fréttablaðsins hafa sannarlega verið líflegar um málið. Hér takast á sjónarmið sem taka til stöðu kjararáðs sem lögbundins gerðardóms eða stjórnsýslunefndar með úrskurðarvald; hvort fyrirspurn fjölmiðils sé gild nái hún til tíma þegar ráðið var undanþegið upplýsingalögum; og hvers vegna endanleg ákvörðun um stjórnskipulega stöðu ráðsins hafi ekki verið tekin með lagabreytingum árið 2006 en í greinargerð þess lagafrumvarps kom fram að „þarflaust“ væri að taka afstöðu til málsins.

Hvað sem lagatæknilegum álitamálum líður er hin raunverulega staðreynd málsins sú að kjararáð hefur beitt sér af miklu afli til að hindra það að ritstjórn Fréttablaðsins fái afrit af fundargerðum þess. Gögn sem vafalaust munu varpa nýju ljósi á störf ráðsins. Lokaúrskurður kjararáðs virðist ætla að vera sá að gefa fjölmiðlum, og þar með almenningi, langt nef.

**Kjararáð hefur beitt sér af miklu afli til að hindra það að ritstjórn Fréttablaðsins fái afrit af fundargerðum þess.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Samkvæmnin**

**Það var hálfátakanlegt að fylgjast með Píratanum Birni Leví Gunnarssyni á Twitter í gær. Þá hafði honum verið bent á það að nýr borgarstjórnarmeirihluti hefði minnihluta atkvæða borgarbúa að baki sér. Björn hefur áður gagnrýnt og sagt það óforsvaranlegt að ríkisstjórnir hafi setið með aðeins minnihluta atkvæða kjósenda. En svarið hafði hann á reiðum höndum. Þetta samstarf Pírata var í lagi, það tryggði að Sjálfstæðisflokkurinn kæmist ekki að kjötkötlunum. Honum hafði nefnilega láðst að minnast þess í öll hin skiptin að það væri markmiðið með prinsippinu.**

**Lærdómurinn**

**Píratar eru enn ungur flokkur en fjölmörg ófrávíkjanleg grunngildi hans hafa verið fyrirferðarmikil á fyrstu árum hans. Enn sem komið er hefur flokkurinn ekki náð því marki að setjast í ríkisstjórn. Reglulega lenda stjórnmálamenn í því að þurfa að éta ofan í sig eldri orð og loforð þegar þeir loksins komast í meirihluta. Birni tekst hins vegar að lenda í þessari aðstöðu enn í minnihluta og hlýtur það að vera einhvers konar met. Lærdómur hans af málinu hlýtur að vera sá að fara aðeins hægar í yfirlýsingar á næstunni svo þær komi ekki í bakið á honum síðar meir.** joli@frettabladid.is

# Styttum vakta-vinnuvikuna



**Elín Björg Jónsdóttir**
formaður BSRB

Stytting vinnuvikunnar úr 40 stundum í 36 hefur verið ein meginkrafa BSRB um langt skeið. Við finnum nú fyrir verulega auknum áhuga í samfélaginu og sífellt fleiri eru að átta sig á mikilvægi þess að launafólk hafi meiri tíma til að sinna fjölskyldu og vinum eftir að vinnudeginum lýkur.

Hingað til hefur umræðan átt það til að afmarkast við vinnustaði þar sem unnið er í dagvinnu. Við höfum oft heyrt það viðkvæði að ómögulegt sé að stytta vinnuvikuna á vaktavinnustöðum án þess að kostnaður sem af því hljótist verði greiddur.

Ríkið og BSRB hafa staðið fyrir tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar með fjórum vinnustöðum. Á einum þeirra, hjá Lögreglustjóranum á Vestfjörðum, er unnin vaktavinna. Tilraunaverkefnið átti að standa í eitt ár en var nýlega framlengt um eitt ár til viðbótar í ljósi þess hversu jákvæðar niðurstöður komu eftir fyrsta árið og vegna óska þátttakenda.

Í verkefni sem BSRB og Reykjavíkurborg standa að tekur nú fjöldi dag- og vaktavinnustaða, þar sem um fjórðungur starfsmanna borgarinnar starfar, þátt í að stytta vinnuvikuna í tilraunaskyni. Enginn þeirra vaktavinnustaða sem taka þátt hafa fengið viðbótarfjármagn vegna tilraunaverkefnisins.

Þessi reynsla sýnir að fjöldi vaktavinnustaða getur stytt vinnuvikuna án þess að það þurfi að bæta fjármagni í reksturinn. Verkefnin eru þó ólík og því getur þurft að mæta kostnaði að hluta hjá öðrum.

Velferðarráðuneytið auglýsir þessa dagana eftir umsóknum frá vaktavinnustöðum hjá ríkinu sem hafa áhuga á að taka þátt í tilraunaverkefni BSRB og ríkisins um styttingu vinnutíma. Sá vinnustaður sem verður fyrir valinu verður þá sá fimmti í yfirstandandi tilraun fram að sumri 2019.

Allir vaktavinnustaðir eru hvattir til að sækja um en þátttakan getur afmarkast við deild eða svið innan vinnustaðarins. BSRB hvetur sérstaklega stjórnendur á vinnustöðum sem hafa talið styttingu vinnuvikunnar ómögulega vegna kostnaðar til að taka málið til skoðunar.

**Þessi reynsla sýnir að fjöldi vaktavinnustaða getur stytt vinnuvikuna án þess að það þurfi að bæta fjármagni í reksturinn.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is,* Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is,* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Stórfelld tækifæri við friðlýsingar



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**
umhverfis- og auðlindaráðherra

Náttúra Íslands er stórbrotin og það er sameiginlegt verkefni okkar að gæta hennar vel. Þótt náttúruvernd hljóti alltaf að verða náttúrunnar vegna er einnig mikilvægt að nálgast hana út frá hagrænum og samfélagslegum þáttum. Hvaða tækifæri felast til dæmis í friðlýsingu svæða fyrir byggðir landsins? Fyrir ferðaþjónustuna, bændur, landeigendur og okkur öll sem samfélag? Náttúruvernd og efnahagsmálum hefur gjarnan verið stillt upp sem andstæðum, en svo er ekki. Ég vil nálgast málið á annan hátt.

Síðastliðinn föstudag kynnti ég í ríkisstjórn áform um átak í friðlýsingum en í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um það. Átakið felur í sér að friðlýsa svæði sem njóta eiga verndar gegn orkunýtingu (verndarflokkur rammaáætlunar), sem og svæði á eldri náttúruverndaráætlunum sem ályktað hefur verið um að friðlýsa en hefur ekki verið lokið. Í stjórnarsáttmála er einnig tilgreint að stofna beri þjóðgarð á miðhálendinu og að beita friðlýsingum á viðkvæmum svæðum sem eru undir álagi vegna ferðamanna. Aukið fjármagn hefur þegar verið sett í þetta, sem er lykilatriði.

**Gildir það sama um Geysi og Hornstrandir?**

Á Íslandi eru nú þegar vel yfir 100 friðlýst svæði. Friðlýsingar eru þannig ekki nýjar af nálinni en áherslan nú er að nálgast þær út frá þeim margvíslegu tækifærum sem þær fela í sér.

Sú mýta hefur verið lífseig að allt sé bannað á öllum friðlýstum svæðum. Það er þó ekki raunin. Á sumum svæðum eru einhverjar takmarkanir, t.d. á Hornströndum þar sem markmiðið er að halda byggingum og innviðum í lágmarki til að náttúran haldist villt og lítt snortin. Annars staðar getur hins vegar einmitt verið um uppbyggingu innviða að ræða til að vernda náttúruna, svo sem á Þingvöllum og Geysi, þar sem svæðin lægju að öðrum kosti undir skemmdum vegna ágangs ferðamanna.

Á enn öðrum náttúruverndarsvæðum eru flestar hefðbundnar nytjar leyfðar svo framarlega að þær uppfylli markmið um sjálfbærni.

**Hver eru áhrifin?**

Náttúruvernd getur haft mikil jákvæð efnahagsleg áhrif, ekki síst vegna þeirra möguleika sem snúa að ferðaþjónustu. Líkt og við þekkjum vel nefna langflestir ferðamenn sem hingað koma náttúruna sem helstu ástæðu Íslandsfarar.

Tímamótarannsókn innan Háskóla Íslands leiddi í ljós að fyrir hverja krónu sem ríkið lagði til Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls komu 58 krónur til baka til samfélagsins. Nærri helmingur af því sem garðurinn skilaði þjóðarbúinu varð eftir á Snæfellsnesinu.

Þetta eru frábærar fréttir en ein rannsókn er ekki nóg. Við þurfum að skilja betur þau efnahagslegu áhrif sem friðlýsing hefur, ekki síst á byggðirnar í kring. Af þeim sökum hef ég ákveðið að láta mæla efnahagsleg áhrif náttúruverndarsvæða víða um land, alls á ellefu stöðum. Hagfræðistofnun HÍ hefur þegar hafið þessa vinnu.

**Sóknarfæri fyrir dreifðar byggðir**

Annað spennandi verkefni sem er fram undan er svokölluð sviðsmyndagreining fyrir nokkur tiltekin svæði sem hafa verið til umfjöllunar vegna náttúruverndar, þar með talið stór víðernissvæði. Valin verða þrjú til fimm svæði til að kanna þau tækifæri sem friðlýsing þessara svæða gæti falið í sér. Markmiðið er að líta sérstaklega til dreifðra byggða.

Ég vil einnig horfa til aukins samstarfs við bændur og aðra landeigendur um náttúruvernd, enda eru mörg svæði sem skipta miklu fyrir náttúruvernd í einkaeigu.

Ég hlakka til þessarar vinnu með samstarfsfólki mínu í ráðuneytinu, Umhverfisstofnun og síðast en ekki síst fólkinu í landinu.

# Hvar má þetta?



**Þórarinn Guðnason**
formaður Læknafélags Reykjavíkur

**Sautján læknum í þrettán sérgreinum hefur verið hafnað án skoðunar eða rökstuðnings. Það er vond stjórnsýsla. Samningar eru þverbrotnir, góðir stjórnsýsluhættir fótum troðnir og sjálfur forstjóri SÍ telur íhlutun og gerræði ráðuneytisins stangast á við landslög.**

Ungur og vel menntaður taugalæknir með sérhæfingu í Parkinson sækir um stöðu á taugadeild LSH en fær ekki og engar nýráðningar eru fyrirhugaðar á næstu misserum.

Taugalæknirinn sækir þá um að komast á rammasamning hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) til að opna læknastofu þar sem ríkið greiði hluta kostnaðar fyrir sjúklinginn. Þeirri umsókn er hafnað vegna einhliða fyrirskipunar heilbrigðisráðuneytisins til SÍ um að hafna öllum nýjum læknum burtséð frá þörfum sjúklinganna. Gildandi samningar við sérfræðilækna eru þverbrotnir. Það er vond stjórnsýsla.

Taugalæknirinn kærir niðurstöðu SÍ til heilbrigðisráðuneytisins. Ráðuneytið úrskurðar að ekkert sé athugavert við ákvörðunina. Þannig gerist það dómari í eigin sök. Það er vond stjórnsýsla.

Málið veldur uppnámi og fjölmiðlar fá á því áhuga. Síðbúin viðbrögð ráðherra eru að biðja LSH um að búa til stöðu fyrir taugalækninn efnilega og byggja upp göngudeild fyrir hana. Ráðherrann hlutast þannig til um uppbyggingu innra starfs spítalans á grundvelli pólitískra skoðana um ágæti ríkisreksturs en ekki faglegs mats og þarfa sjúklinga. Það er vond stjórnsýsla.

Þessi einhliða synjun á umsókn taugalæknisins um sjálfstæðan stofurekstur undir hatti opinbera heilbrigðiskerfisins var eitt af mörgum brotum stjórnvalda á gildandi samningi við sérfræðilækna. Sautján læknum í þrettán sérgreinum hefur verið hafnað án skoðunar eða rökstuðnings. Það er vond stjórnsýsla.

Samningar eru þverbrotnir, góðir stjórnsýsluhættir fótum troðnir og sjálfur forstjóri SÍ telur íhlutun og gerræði ráðuneytisins stangast á við landslög. Í engu lýðræðisríki sem tekur sig alvarlega yrðu vinnubrögð af þessu tagi liðin.

Víða yrði talað um ráðherraræði og afsagnar ráðherra krafist. Ísland virðist því miður undantekning sem sannar regluna. Þetta má hér – rétt eins og í einhverjum ríkjum sem við viljum ekki bera okkur saman við.

Ábyrgðin er stjórnvalda. Það má samt minna fjölmiðla á að þeir eru fjórða valdið í lýðræðisríkjum og vonandi munu þeir fylgjast grannt með þróun mála.

SLÖKKTU Á DEYFÐINNI OG
KVEIKTU Á DIRFSKUNNI



Sumarauki að verðmæti 350.000 kr. fylgir!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Eclipse Cross** er nýjasti meðlimur Mitsubishi fjölskyldunnar. Hann er hlaðinn staðalbúnaði, með góða veghæð og mikið innanrými. Háþróuð tæknin gerir allan akstur öruggari og eykur sjálfstraustið á vegum úti. **Nú fylgir 350.000 kr. sumarauki með öllum nýjum Mitsubishi bílum hjá HEKLU.** Slökktu á deyfðinni og kveiktu á dirfskunni með nýjum Eclipse Cross. Hlökkum til að sjá þig!

**Mitsubishi Eclipse Cross**
Verð frá:
**3.990.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Klár í níutíu mínútur gegn Argentínu

Gylfi Þór Sigurðsson er búinn að ná sér góðum af meiðslunum sem hann varð fyrir í leik Everton og Brighton í mars og segist vera klár í leikinn gegn Argentínu á laugardaginn. Hann segir að leikurinn gegn Argentínu þróist væntanlega á svipaðan hátt og venjulega þegar íslenska liðið spilar við stórþjóðir.

**FÓTBOLTI** „Ég er að nálgast mitt besta form. Það hefur allt gengið vel og mér líður vel í líkamanum,“ sagði Gylfi Þór Sigurðsson fyrir æfingu íslenska landsliðsins í Kabardinka í Rússlandi í gær.

Það fór um marga þegar Gylfi meiddist á hné í leik Everton og Brighton í mars. Hann lék ekki meira með Everton á tímabilinu en lagði hart að sér í endurhæfingu og tók þátt í báðum vináttulandsleikjum íslenska liðsins áður en það hélt til Rússlands. Hann segir ekkert babb hafa komið í bátinn að undanförnu.

„Nei, þetta hefur gengið mjög vel. Hnéð hefur orðið betra með hverjum deginum sem líður. Það hefur ekkert bakslag komið,“ sagði Gylfi sem segist vera klár í 90 mínútur gegn Argentínu á laugardaginn. „Ég hefði getað spilað allan leikinn gegn Gana en það hefði kannski ekki verið neitt rosalega skynsamlegt.“

Gylfi á von á því að leikurinn gegn Argentínu þróist eins og svo margir leikir íslenska liðsins gegn sterkum andstæðingum.

„Þeir verða örugglega mikið með boltann og við þurfum að verjast töluvert. En við erum vanir því og erum góðir í því. Við verðum að vera þolinmóðir og nýta okkar færi þegar þau gefast,“ sagði Gylfi. „Sóknarmenn þeirra eru með þeim bestu í heiminum þannig að það verður erfitt að verjast þeim. Við verðum að vera þéttir fyrir og spila eins og við gerðum á EM í Frakklandi og í síðustu undankeppni.“

> Þeir verða örugglega mikið með boltann og við þurfum að verjast töluvert. En við erum vanir því og erum góðir í því. Við verðum að vera þolinmóðir og nýta okkar færi þegar þau gefast

Að sögn Gylfa fjölgar fundunum þar sem farið er yfir leik Argentínu eftir því sem nær dregur leik.

„Við erum búnir með nokkra fundi en höfum ekkert farið of mikið yfir þá. Venjan er að þegar það styttist í leik fer einbeitingin á andstæðinganna,“ sagði Gylfi.

Íslenska liðið fær frí dag, æfir í Kabardinka í fyrramálið og flýgur svo síðdegis til Moskvu þar sem leikurinn gegn Argentínu fer fram klukkan 13.00 á laugardaginn.

ingvithor@frettabladid.is



Gylfi Þór segist vera að nálgast sitt besta form. Ekki veitir af fyrir fyrsta landsleikinn á HM gegn Messi og félögum í liði Argentínu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## 3 DAGAR í HM



**Samúel Kári Friðjónsson**

**Aldur:** 22
**Staða:** Miðjumaður
**Félag:** Vålerenga
**Landsleikir:** 4

# Ætla að nýta færin í kvöld

**HANDBOLTI** Ísland fær Litháen í heimsókn í seinni leik liðanna í umspili um laust sæti í heimsmeistaramótinu árið 2019 í Laugardalshöll í kvöld. Liðin gerðu jafntefli, 27-27, í kaflaskiptum leik er þau mættust í Vilníus á föstudaginn var.

Ísland hóf fyrri leikinn betur, en liðið átti í mestum vandræðum með Aidenas Malasinskas, leikstjórnanda litháíska liðsins, og Jonas Truchanovicius, vinstri skyttuna í liði Litháa. Framliggjandi og aðgangshörð vörn litháíska liðsins olli íslenska liðinu vandræðum og fimir og ferskir fætur gerðu íslensku vörninni erfitt fyrir.

Aron Pálmarsson og Ómar Ingi Magnússon drógu hins vegar vagninn í sóknarleik íslenska liðsins, auk þess sem Arnór Þór Gunnarsson var öryggið uppmálað af vítalínunni. Þá átti Björgvin Páll Gústavsson góðan leik í íslenska markinu.

„Ef mér hefði verið boðið það fyrir þetta einvígi að fara með jafna stöðu frá erfiðum útivelli í heimaleikinn þá hefði ég þegið það með þökkum. Leikurinn úti hefði hæglega getað farið verr og sterkar þjóðir hafa lent í vandræðum í Litháen undanfarið. Við vitum hins vegar að við getum gert betur og ætlum að gera það í leiknum í dag,“ sagði Guðmundur Þórður Guðmundsson, þjálfari íslenska liðsins,.

„Við þurfum að sýna heilsteyptari sóknarleik en við gerðum ytra og fara betur með þau opnu marktækifæri sem við sköpum. Ég hef fulla trú á því að færanýtingin verði betri í leiknum í kvöld. – hó



# Alþjóðlegt útboð á hlutabréfum í Arion banka

## Almennu útboði lýkur í dag kl. 15.00

Kaupskil og fjárfestingafélag í stýringu Attestor Capital LLP hyggjast selja hluti í Arion banka í alþjóðlegu útboði. Markmið útboðsins er að gera Arion banka kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm um dreifingu hlutafjár, að auka við breidd hluthafahópsins og að félagið verði ákjósanlegur fjárfestingarkostur á eftirmarkaði auk þess sem seljendur horfa til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

Grunnstærð útboðsins er að lágmarki 452.500.000 en að hámarki 724.000.000 hlutir (hlutafé eða heimildarskírteini) eða sem nemur 25,0–40,0% af útistandandi hlutafé í bankanum. Seljendur geta tekið ákvörðun um að selja 67.875.000–108.600.000 hluti til viðbótar til að mæta mögulegri umframeftirspurn sem þýðir að heildar söluandvirði yrði að lágmarki 35,4–41,1 milljarðar króna.

Útboðið nær til áður útgefinna hlutabréfa, hvort sem þau eru í formi hlutafjár eða heimildarskírteina, og skiptist í þrennt:

1. Almennt útboð til íslenskra fjárfesta
2. Almennt útboð til sænskra fjárfesta
3. Alþjóðlegt útboð til fagfjárfesta sem uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt lögum

Allir hlutir í útboðinu verða seldir á sama útboðsgengi sem verður á bilinu 68–79 kr. á hlut. Seljendur munu taka einhliða ákvörðun um úthlutun en gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar opinberlega 15. júní 2018.

### Helstu skilmálar almenns útboðs á Íslandi

- Hver áskrift að andvirði 150.000–15.000.000 kr.
- Tekið við áskriftum á vef Arion banka frá 31. maí 2018 kl. 12.00 til 13. júní 2018 kl. 15.00
- Fjárfestar hafa heimild til að bæta við áskrift sína eða fella hana niður á útboðstímabilinu
- Aðstoð vegna almenna útboðsins má nálgast hjá verðbréfaráðgjöf Arion banka í síma 444 7000 og á tölvupóstfanginu **arion-utbod@arionbanki.is**.

Útboðið er með fyrirvara um að hlutir í bankanum verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og hlutir í formi heimildarskírteina á Nasdaq Stockholm en báðar kauphallir hafa samþykkt skráninguna með fyrirvara um að kröfum um dreifingu hlutafjár verði náð. Gert er ráð fyrir að kauphallirnar birti opinberlega endanlegt samþykki sitt þann 15. júní 2018. Eindagi kaupverðs í almenna útboðinu er áætlaður 18. júní 2018 og er gert ráð fyrir að skilyrt viðskipti geti hafist 15. júní 2018. Með skilyrtum viðskiptum er átt við viðskipti sem eru háð þeim fyrirvara að hlutirnir (hvort sem þeir eru í formi hluta eða heimildarskírteina) verði teknir til viðskipta.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi við lok útboðstímabilsins. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um Arion banka og skilmála útboðsins í lýsingu bankans dagsettri 31. maí 2018 og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti.

Fjárfestingabankasvið Arion banka ásamt Carnegie, Citigroup og Morgan Stanley hafa umsjón með útboðinu en Deutsche Bank, Goldman Sachs International, Handelsbanken Capital Markets, Íslandsbanki, Landsbankinn og Fossar eru einnig söluaðilar í útboðinu.

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Arion banka, hlutabréf bankans og skilmála útboðsins má finna í lýsingu bankans sem dagsett er 31. maí 2018 og birt er á **arionbanki.is/IPO**. Þar má nálgast lýsinguna næstu 12 mánuði. Innbundin eintök af lýsingunni má nálgast hjá Arion banka í Borgartúni 19, Reykjavík.

Heildarfjöldi útgefinna hluta í Arion banka er 2.000.000.000 og á bankinn 190.000.000 hluti.
Hver hlutur er 1 króna að nafnverði og hafa hlutirnir verið gefnir út í samræmi við íslensk lög. Viðskipti með hlutina verða í íslenskum krónum í kerfum Nasdaq Iceland undir auðkenninu ARION (ISIN: IS0000028157) en viðskipti með heimildarskírteini verða í sænskum krónum í kerfum Nasdaq Stockholm undir auðkenninu ARIONs (ISIN: SE0010413567).

arionbanki.is

## Merkisatburðir

**1922** Gengisskráning íslenskrar krónu er tekin upp og hún hættir að fylgja dönsku krónunni.

**1941** Sigurður Jónsson forstjóri býður ríkinu Bessastaði „til þess að vera bústaður æðsta valdsmanns íslenska ríkisins“.

**1971** Í þingkosningum fellur viðreisnarstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks eftir tólf ára samfellda setu.

**1974** Heimsmeistaramót í knattspyrnu karla hefst í Vestur-Þýskalandi.

**1985** Ný útvarpslög sem heimila einkarekinar sjónvarps- og útvarpsstöðvar á Íslandi eru samþykkt á Alþingi.

**1989** Flak þýska orrustuskipsins Bismarck finnst 970 km vestur af Brest í Frakklandi.

**1990** Austurþýsk stjórnvöld byrja að rífa niður Berlínarmúrinn.

**2000** Forseti Suður-Kóreu, Kim Dae-jung, heimsækir Norður-Kóreu.

# Oft er litið á tækni sem andstæðu við náttúruna

**Þorsteinn Cameron ljósmyndari opnar glugga inn í heim jöklarannsókna með sýningu sinni í Galleríi RamSkram á Njálsgötu 39, Línur fyrir lönd / Lines for these lands.**

Þegar viðtalið við Þorstein Cameron hefst er myndasmiður Fréttablaðsins nýbúinn að smella af honum mynd svo fyrsta spurningin til hans er: Hvernig finnst ljósmyndara að sitja fyrir?

„Ha, ha, ég er tiltölulega vanari að vera hinum megin við vélina en á móti kemur að maður veit hvernig þetta á að ganga fyrir sig.“

Myndirnar á sýningunni tók Þorsteinn í fyrrasumar. Hann hefur starfað sem jöklaleiðsögumaður á Sólheimajökli og Svínafellsjökli undanfarin sumur og kveðst hafa tekið margar týpískar myndir af jöklum. Nú hafi hann langað að gera þeim ný skil.

„Titillinn á sýningunni, Línur fyrir lönd, vísar í þá tilhneigingu mannsins að kortleggja og túlka náttúruna. Fyrr á tímum voru óhljóð og hreyfingar jökla útskýrðar með hinum ýmsu furðusögum en nú höfum við skipt út hjátrúnni fyrir mælingar og líkön. Í myndunum reyni ég að varpa ljósi á það vandasama starf rannsóknarfólks að gefa náttúrunni merkingu og skapa þekkingu í beinum og óbeinum átökum við landslagið.“

Hann segir sýningargesti almennt hrifna af myndunum og hann geti ekki beðið um meira. „Ég gaf út litla bók í tilefni af sýningunni og kom heim með 20 eintök, þau seldust öll upp þegar ég opnaði, það kom mér skemmtilega á óvart.“

Þorsteinn er búsettur í Melbourne í Ástralíu núna og stundar þar mastersnám við Photography Studies College. „Ég er hálfástralskur en hef ekki búið í Ástralíu síðan ég var átta ára, þá flutti ég hingað heim. Föðurfjölskyldan er öll búsett þar úti og ég hef oft farið í heimsóknir til hennar gegnum árin en með því að stoppa bara mánuð í senn gefst lítill tími til að sinna henni og kynnast landinu.“

Í vinnu sinni sem leiðsögumaður kveðst Þorsteinn hafa áttað sig á að þó margt sé vitað um jöklana á Íslandi sé líka margt óljóst. „Ég var forvitinn um hvernig þekkingin á umhverfi okkar verður til, hvaða starfsemi liggur að baki allri þeirri tölfræði sem við lesum í greinum og bókum um það. Ég kynntist fólki sem vinnur fyrir Jöklarannsóknafélag Íslands og ákvað að slást í för með því í tvo leiðangra, á Langjökul og Vatnajökul. Úr spratt þetta ljósmyndaverkefni sem opnar glugga inn í þann heim. Oft er litið á tækni sem andstæðu við náttúruna en á jöklum myndar tæknin þá brú sem gerir okkur fært að skilja náttúruna og umhverfið. Það er sú saga sem ég er að reyna að segja á sýningunni.“ **gun@frettabladid.is**



**„Í myndunum reyni ég að varpa ljósi á það vandasama starf rannsóknarfólks að gefa náttúrunni merkingu,“ segir Þorsteinn Cameron ljósmyndari.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

---



†

Elskuleg móðir okkar,
**Anna Kristín Zophoníasdóttir**
er látin. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Anna, Rafn, Árni og Guðbjörg Árnabörn**

---



†

Elskulegur maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Hannes Garðarsson**
matreiðslumaður,
Tjarnarbóli 4, Seltjarnarnesi,
andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð laugardaginn 2. júní sl.
Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 19. júní kl. 15.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

**Dagný I. Þorfinnsdóttir**
**Margrét Hannesdóttir** · **Engilbert Imsland**
**Berta Hannesdóttir** · **Gunnlaugur Þór Guðmundsson**
**Eva Hannesdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Jóhanna M. Guðjónsdóttir**
(Magga)
Bogahlíð 8, Reykjavík,
lést laugardaginn 9. júní á hjúkrunarheimilinu Ísafold. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 15. júní kl. 15.00.

**Elsa Guðmundsdóttir** · **Björgólfur Thorsteinsson**
**Guðjón Ingi Guðmundsson** · **Ruth Guðmundsdóttir**
**Daníel Guðjónsson** · **Hulda Margrét Birkisdóttir**
**Rakel Hanna Guðjónsdóttir**
**Rebekka Guðjónsdóttir**
**Guðmundur Steinar Jónsson**
**Magnús Ari Jónsson** · **Ina-Terese Lundring**
**Freyja Sóley Daníelsdóttir**

---



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Kristinn Hólmfreð Hallgrímsson**
Hulduhlíð, Eskifirði,
áður til heimilis Múla, Eskifirði,
lést miðvikudaginn 6. júní 2018. Útförin fer fram frá Eskifjarðarkirkju föstudaginn 15. júní kl. 14.

**Bjarni Kristinsson** · **Sigríður Sigurvinsdóttir**
**Steinunn Kristinsdóttir**
**Hallgrímur Kristinsson** · **Ingibjörg Kr. Ingimarsdóttir**
**Guðni Kristinsson** · **Guðrún M. Ó. Steinunnardóttir**
**Ingvar Kristinsson** · **Gunnhildur Grétarsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



†

Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Jón Bergþórsson**
fv. stöðvarstjóri á Nýju sendibílastöðinni,
lést mánudaginn 4.6.
Útför hans fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 14. júní kl. 15.00.

**Brynja Jónsdóttir** · **Jón Jóhannsson**
**Guðrún Jónsdóttir** · **Tómas Jónsson**
**Sóley Jónsdóttir**
**Bergþór Jónsson** · **Rósa Guðmundsdóttir**
**Kristín Jónsdóttir Njarðvík** · **Kristján Þorsteinsson**
**Margrét Jónsdóttir Njarðvík** · **Hálfdán Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, tengdaamma og langamma,
**Anna Sigríður Lúðvíksdóttir**
áður til heimilis að Grandavegi 47, Reykjavík,
lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 28. maí sl. Jarðarförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 15. júní nk. kl. 15.00.

**Lúðvík Ólafsson** · **Hildur Viðarsdóttir**
**Sigríður Ólafsdóttir** · **Páll Sigurðsson**
**Tryggvi Ólafsson**
**Viðar Lúðvíksson** · **Borghildur Erlingsdóttir**
**Anna Lúðvíksdóttir** · **Oscar Mauricio Uscategui**
**Anna Sigríður Pálsdóttir**
**Ólafur Pálsson** · **Tanja Berglind Hallvarðsdóttir**
**barnabarnabörn.**

---



†

Móðir okkar, amma og tengdamóðir,
**Anna Ragnheiður Erlendsdóttir**
Klettahrauni 6, Hafnarfirði,
lést mánudaginn 4. júní á Hrafnistu í Hafnarfirði.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, fimmtudaginn 14. júní 2018 klukkan 13.

**Steina Borghildur Níelsdóttir** · **Gunnar Nielsson**
**Hafdís Erla Gunnarsdóttir**
**Anna Lilja Dögg Gunnarsdóttir**
**Víglundur Þorsteinsson** · **Svava Theodórsdóttir**
**Lovísa María Erlendsdóttir**

---



†

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Margrét Ágústa Þorvaldsdóttir**
Lækjasmára 4, Kópavogi, áður til heimilis að Langholtsvegi 188, Reykjavík,
lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 7. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 15. júní kl. 15.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningar- og styrktarsjóð Sóltúns.

**Þorvaldur K. Þorsteinsson** · **Guðrún Þ. Þórðardóttir**
**Kristinn H. Þorsteinsson** · **Auður Jónsdóttir**
**Óli Þorsteinsson** · **Ellen T'Joen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 13. júní 2018 | 23. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Nýttu ekki góðærið til að byggja upp vörumerki



Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Brandenburg, segir að ferðaþjónustan hafi sinnt illa uppbyggingu vörumerkja í uppsveiflunni. Hann gagnrýnir einnig að markaðsmál margra fyrirtækja byggist á skammtímaaðgerðum. Lýsandi dæmi sé hve seint smásalar brugðust við komu Costco á markaðinn.

»6



»2

## Meta Arion allt að 56 prósent yfir útboðsgengi

Greinendur IFS og Capacent meta gengi hlutabréfa í Arion banka á bilinu 18 til 56 prósent hærra en útboðsgengi bréfanna í nýjum verðmötum. Erfitt að sjá hvernig stjórnendur bankans ætla að ná tveggja stafa tölu í arðsemi á eigið fé.

»4

## Jákvætt að fleiri komi að borðinu

Aðstoðarforstjóri FME segir það ekki endilega til bóta að aðeins ein stofnun komi að því að greina kerfisáhættu á fjármálamörkuðum. Það sé heilbrigt að fleiri „komi að borðinu“.

»10

## Samkeppnishæfni og heimatilbúinn vandi

„Umbætur á þessu sviði sem og á öðrum verða eingöngu með pólitísku eignarhaldi og vinnur tíminn ekki með stjórnvöldum í þeim efnum. Þau sem ráða verða að segja hvað þau vilja og hrinda því svo í framkvæmd,“ segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, í aðsendri grein.




# Virði ísganganna rauk upp um 55 prósent í fyrra

Virði félagsins Into the Glacier, sem býður upp á daglegar ferðir inn í ísgöngin í Langjökli, jókst um ríflega 55 prósent í bókum stærsta eiganda þess, framtakssjóðsins Landsbréf Icelandic Tourism Fund, í fyrra og var félagið metið á um 1.565 milljónir króna í lok ársins.

Sjóðurinn, sem er í eigu Icelandair Group, Landsbankans og sjö lífeyrissjóða, bætti við eignarhlut sinn í félaginu á síðasta ári og átti í lok ársins 96 prósenta hlut sem var þá metinn á ríflega einn og hálfan milljarð, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi. Til samanburðar átti framtakssjóðurinn 88 prósenta hlut – að virði 885 milljónir króna – í lok árs 2016.

Ísgöngin, sem eru stærstu manngerðu ísgöng í heimi, eru stærsta einstaka eign framtakssjóðsins.

Virði 55 prósenta eignarhlutar framtakssjóðsins í LAVA, eldfjalla- og jarðfræðisýningu á Hvolsvelli, jókst jafnframt um 63 prósent í bókum sjóðsins í fyrra og var metið á 240 milljónir í lok ársins.

Þá seldi sjóðurinn allan hlut sinn í félaginu IWE, sem rekur hvalasýningu á Grandanum, fyrir um 440 milljónir króna. Kaupandi var ST Holding, eignarhaldsfélag Special Tours, sem er í meirihlutaeigu Eyþórs Arnalds fjárfestis, en sjóðurinn festi um leið kaup á þriðjungshlut í því félagi. Var sá hlutur metinn á 821 milljón króna í lok liðins árs.

Auk þess keypti framtakssjóðurinn 20 prósenta hlut í Íslenskum heilsulindum, dótturfélagi Bláa lónsins, sem fjárfestir einkum í baðstöðum og er meðal annars einn af stærstu hluthöfum jarðbaðanna við Mývatn. Eignarhlutur sjóðs Landsbréfa í félaginu nam um 367 milljónum í lok síðasta árs.

Alls hagnaðist framtakssjóðurinn um 368 milljónir króna í fyrra borið saman við 390 milljóna hagnað árið áður. Átti sjóðurinn eignir fyrir ríflega fjóra milljarða í lok árs 2017.

Fjárfestingatímabili sjóðsins lýkur á þessu ári og er gert ráð fyrir að honum verði slitið árið 2022. Samtals voru innkallaðar 1.210 milljónir króna í fyrra en ódregin hlutafjárloforð voru um 850 milljónir í lok ársins. **– kij**



**Ísgöngin hafa notið vaxandi vinsælda á meðal ferðamanna á undanförnum árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**1,6**

**milljarðar króna var virði ísganganna í Langjökli í lok síðasta árs.**

# S&P segir aukna áhættu fylgja sókn lífeyrissjóða í húsnæðislán

Áhætta er fólgin í því að lífeyrissjóðir hafa aukið lánveitingar til heimila á kostnað bankakerfisins á undanförnum árum. Enda hefur ekki enn reynt á getu þeirra til að hafa eftirlit með lánveitingunum. Þetta kemur fram í áliti matsfyrirtækisins S&P sem staðfesti á föstudag óbreytta lánshæfiseinkunn ríkissjóðs eða A/A-1 með stöðugum horfum.

Markaðshlutdeild lífeyrissjóða á þessu sviði hefur vaxið í 18 prósent úr 10 prósentum á tveimur árum. Slæm ávöxtun af eignum lífeyrissjóða gæti haft í för með sér að skerða þurfi lífeyrisgreiðslur. Það gæti leitt til verri fjárhagsstöðu heimila sem gæti haft efnahagslegar afleiðingar, segir í greiningunni.

Bent er á að sögulega hafi laun hérlendis hækkað meira en sem nemur vexti í framleiðni og verðbólgu. Búast má við í ljósi kröftugs hagvaxtar að vissir hópar launþega krefjist umtalsverðra launahækkana, sem gæti dregið úr samkeppnishæfni landsins, ef kröfur annarra stétta verði í sömu leið. **– hvj**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5800**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is






**Greinendur mæla með því að fjárfestar kaupi hlutabréf í Arion banka í útboðinu sem lýkur á morgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Meta Arion allt að 56 prósent yfir útboðsgengi

**Greinendur meta gengi hlutabréfa í Arion banka allt að 56 prósent hærra en útboðsgengi bréfanna. Sérfræðingar IFS telja líklegt að vaxtamunur muni lækka vegna aukinnar samkeppni. Capacent segir vaxtarmöguleika íslenskra banka takmarkaða.**

Gengi hlutabréfa í Arion banka er metið á bilinu 18 til 56 prósent hærra en útboðsgengi bréfanna í nýjum verðmötum ráðgjafarfyrirtækjanna Capacent og IFS sem Markaðurinn hefur undir höndum. Greinendur IFS telja að verðmæti bankans geti risið undir genginu 0,83 af bókfærðu eigin fé hans en sérfræðingar Capacent verðleggja bankann á genginu 0,94. Til samanburðar býðst fjárfestum að kaupa bréf í bankanum á genginu 0,6 til 0,7 í hlutafjárútboði hans sem lýkur á morgun.

Í greiningu IFS, sem metur gengi bréfa í Arion banka 18 til 37 prósent hærra en útboðsgengið, er því spáð að vaxtamunur bankans muni á næstu árum lækka vegna aukinnar samkeppni og örrar tækniþróunar og verði til lengri tíma litið að 2,8 prósent af vaxtaberandi eignum. Til samanburðar hefur munurinn verið að meðaltali um þrjú prósent undanfarin fimm ár.

Greinendur IFS gera auk þess ráð fyrir því að bankinn lækki eigið fé sitt „tiltölulega hratt“ með „myndarlegum“ arðgreiðslum og útgáfu víkjandi skuldabréfa þannig að almenna eiginfjárhlutfall hans fari niður í 17 prósent, en hlutfallið stóð í 23,6 prósentum í lok fyrsta ársfjórðungs.

Þá er því spáð í verðmati IFS að hlutfall kostnaðar bankans af tekjum lækki úr 62,1 prósenti í 52,7 prósent árið 2030 og að arðsemi eigin fjár hækki úr 6,6 prósentum í 9,7 prósent árið 2026. Stjórnendur bankans hafa til samanburðar sett sér það markmið að kostnaðarhlutfallið lækki í um það bil 50 prósent og að arðsemi eigin fjár nái tveggja stafa tölu. Er tekið fram í verðmatinu að fyrrnefnda markmiðið sé „býsna metnaðarfullt ef horft er á kostnaðarhlutföll íslenskra banka um tíðina í bráð og lengd“ og að bankinn hafi „stórt verk að vinna“ til þess að ná síðarnefnda markmiðinu. Raunar segjast greinendurnir ekki sjá – eins og sakir standa – hvernig stjórnendur bankans ætla að auka arðsemina þannig að hún verði tveggja stafa tala.

**192,4**

**milljarðar er verðmæti Arion miðað við gengið 0,94 fyrir hverja krónu af eigin fé**

### Valitor stór óvissuþáttur

Í því sambandi benda þeir á að vegna smæðar innlends fjármálamarkaðar séu viðskiptabankarnir „langt“ frá því að ná hagkvæmri stærð í starfsemi sinni. Þó beri að líta til þess að bankaþjónusta sé óðum að færast á netið og í lausnir fyrir farsíma. Áhrif þess séu „nær okkur í tíma en marga grunar“. Er það mat IFS að eiginleg útibú muni að stórum hluta leggjast af á landinu á næstu árum og starfsfólki í höfuðstöðvum jafnframt fækka. Allt þetta muni spara mikla fjármuni í launum og kostnaði við rekstur útibúanna.

Að mati sérfræðinga IFS er starfsemi Valitors, dótturfélags Arion banka, helsti óvissuþátturinn þegar kemur að þóknanatekjum bankans til framtíðar litið, en í verðmatinu kemur fram að greiðslukort og greiðslukortalausnir hafi staðið undir um 40 prósentum af hreinum þóknanatekjum bankans á síðasta ári.

Er tekið fram að starfsemi greiðslukortafyrirtækisins sé um þessar mundir að draga úr hreinum þóknanatekjum samstæðunnar þar sem gjöld vaxi hraðar en tekjur. Stjórnendur bankans hafa sagst gera ráð fyrir umtalsverðum vexti í erlendum þóknanatekjum Valitors – samhliða útrás félagsins á erlenda markaði – en sérfræðingarnir búast við að bankinn ekki við miklum vexti þóknanatekna greiðslukortafyrirtækisins umfram annan vöxt. Benda þeir á að þróun í fjártækni og gervigreind sé hröð þessi misserin og því þurfi félagið að halda vel á spöðunum til þess að halda markaðsstöðu sinni. Auk þess missi Valitor stóran viðskiptavin á þessu ári – bandaríska fyrirtækið Stripe – og ef félaginu takist ekki að fá nýjan viðskiptavin í hans stað muni það hafa „veruleg áhrif“ á afkomu þess.

### Takmörkuð vaxtartækifæri

Greinendur Capacent, sem meta gengi bréfa í Arion banka 34 til 56 prósent hærra en útboðsgengið, benda á að óvarlegt sé að gera ráð fyrir miklum framtíðarvexti hjá bankanum. Vöxtur íslensku bankanna sé takmarkaður í núverandi rekstrarformi og einskorðist við Ísland og fólksfjölgun hér á landi.

Gert er ráð fyrir að fyrsti viðskiptadagur með hlutabréfin í kauphöll hér á landi og í Stokkhólmi verði á föstudag. Síðasta fimmtudag höfðu fjárfestar skráð sig samanlagt fyrir nærri 30 prósenta hlut í bankanum. Kaupþing og vogunarsjóðurinn Attestor Capital hyggjast selja að lágmarki 22,6 prósenta hlut í útboðinu, miðað við útistandandi hlutafé, en að hámarki um 41 prósent. Hafa erlendir fjárfestingarsjóðir verið fyrirferðarmestir þeirra sem hafa skráð sig fyrir hlut. **kristinningi@frettabladid.is**

# Hagnaður Arctic Adventures nam 356 milljónum og jókst um hátt í 80 prósent

Straumhvarf, dótturfélag Arctic Adventures, stærsta afþreyingarfélags landsins, hagnaðist um 356 milljónir króna í fyrra og jókst hagnaðurinn um hátt í 80 prósent frá fyrra ári, samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins.

Rekstrartekjur félagsins námu ríflega 3,4 milljörðum króna á árinu borið saman við tæpa tvo milljarða árið 2016 og þá voru rekstrargjöldin 2,9 milljarðar og jukust um 1,1 milljarð á milli ára.



**Jón Þór Gunnarsson, forstjóri Arctic Adventures.**

Straumhvarf á að fullu félögin Arctic Sea Tours, Scuba Iceland, Magmadive, Austari og tvö hótel á Suðurlandi.

Afþreyingarfélagið átti eignir upp á 2,1 milljarð króna í lok síðasta árs borið saman við 1,4 milljarða í lok árs 2016 og þá var eigið fé félagsins um 994 milljónir í lok 2017.

Stjórn Straumhvarfs hefur lagt til að greiddur verði 400 milljóna króna arður til hluthafa í ár.

Í skýrslu stjórnarinnar er tekið fram að líklegt sé að hægja muni á innri vexti félagsins í ár vegna minni vaxtar í komum ferðamanna. Félagið muni bregðast við því með auknu kostnaðaraðhaldi og markaðssókn. **– kij**




## FORD KUGA TITANIUM S AWD

- 150 hestafla dísilvél
- Leðuráklæði á sætum
- Rafdrifnar stillingar á ökumannssæti
- Fjölstillanlegt farþegasæti
- Öryggispakki
- Vindskeið að aftan
- Upphitanlegt stýri
- 2.100 kg dráttargeta
- 9 Sony hátalarar
- Apple Car Play og Android Auto
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Dökklitaðar rúður í farþegarými
- Upphitanleg framrúða
- Lyklalaust aðgengi
- Tölvustýrð tvískipt miðstöð með loftkælingu
- Rafdrifin opnun afturhlera með skynjara
- Stöðugleikastýrikerfi fyrir eftirvagn
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- Nálægðarskynjari að framan og aftan
- 17" Titanium álfelgur
- Málmlitur
- Varadekk

# YFIRBURÐIR

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, akstурseiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8" skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.

FORD KUGA TITANIUM S AWD SJÁLFSKIPTUR

**VERÐ: 5.610.000 KR.**

**TILBOÐSVERÐ:**

**5.190.000 KR.**

AFSLÁTTUR **-420.000 KR.**

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga Titanium AWD***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

# Heilbrigt að fleiri komi að borðinu

**Aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins segir það ekki endilega til bóta að aðeins ein stofnun komi að því að greina kerfisáhættu á fjármálamörkuðum. Það sé heilbrigt að fleiri stofnanir „komi að borðinu“. Hann segist sakna ítarlegri umfjöllunar í nýrri skýrslu nefndar um ramma peningastefnunnar um hver reynslan sé af núverandi fyrirkomulagi kerfisáhættunefndar og fjármálastöðugleikaráðs.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, segist ekki hafa komið auga á þau vandamál sem eru í nýrri skýrslu nefndar um ramma peningastefnunnar sögð felast í samstarfi eftirlitsins og Seðlabanka Íslands á sviði þjóðhagsvarúðar. Hann segir það ekki endilega til bóta að aðeins einn stofnun komi að því að greina kerfisáhættu á fjármálamörkuðum.

„Vissulega koma stundum fram mismunandi skoðanir hjá mismunandi sérfræðingum, hvort sem þeir starfa hjá Fjármálaeftirlitinu eða mismunandi deildum innan Seðlabankans, en það er að mörgu leyti heilbrigt. Fólk í ólíkum hlutverkum horfir ólíkt á hlutina,“ segir hann í samtali við Markaðinn.

Nefnd um ramma peningastefnunnar, sem skilaði niðurstöðum sínum í liðinni viku, lagði meðal annars til að Seðlabanki Íslands skyldi einn bera ábyrgð á eftirliti með þjóðhagsvarúð (e. macroprudential) og eindarvarúð (e. microprudential) og hafa auk þess yfirumsjón með greiningu, ákvörðun og beitingu allra þjóðhagsvarúðartækja. Ábyrgðin myndi þannig færast frá Fjármálaeftirlitinu og til Seðlabankans. Eftir sem áður myndi Fjármálaeftirlitið sinna hefðbundnu eftirlitshlutverki á fjármálamarkaði.

Fram kom í máli Ásgeirs Jónssonar, dósents í hagfræði við Háskóla Íslands og formanns nefndarinnar, á blaðamannafundi í kjölfar útgáfu skýrslu nefndarinnar að með því að sameina öll varúðartæki á einn stað yrði ferlið frá greiningu til ákvörðunar skilvirkara. Greiningarvinnan yrði jafnframt öflugri og umfangsmeiri með sérfræðinga og upplýsingar á sama staðnum.

Tillaga nefndarinnar hefur endurómað í áliti nokkurra sérfræðinga, innlendra sem erlendra, sem hafa fjallað um íslenska fjármálamarkaðinn á undanförnum árum. Þannig hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kallað eftir því að aðkoma tveggja stjórnvalda að eftirliti með bönkum verði endurmetin, ekki síst vegna samræmingarvanda sem kunni að koma upp. „Ein leið til hagræðingar gæti verið að sameina regluverk og eftirlit með bönkum innan Seðlabankans en að Fjármálaeftirlitið annist eftirlit með öðrum fjármálastofnunum og mörkuðum ásamt neytendavernd,“ sagði í yfirlýsingu sendinefndar sjóðsins í apríl 2016.




**Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, segist telja að nefndin hafi ekki fullkomna innsýn í það hvaða þættir í starfsemi eftirlitsstofnunarinnar hún leggur til að verði færðir yfir til Seðlabanka Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Ég held að það sé að mörgu leyti heilbrigt að fleiri en ein stofnun, með ólíkum sérfræðingum með ólíka sýn, komi að borðinu.**
>
> Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins

**Þyrfti að skoða málið betur**

Jón Þór segir ekki ljóst af skýrslu nefndarinnar hvort nefndin vilji að peningastefnan verði fyllilega sjálfstæð gagnvart fjármálastöðugleika eða ekki. Annars vegar leggi nefndin til að ábyrgð á fjármálastöðugleika og peningastefnu verði í einni hendi Seðlabankans en hins vegar sé lagt til að skipaðar verði tvær nefndir þar sem fjármálastöðugleikanefnd geti við ákveðnar kringumstæður verið peningastefnunefndinni æðri. „Maður áttar sig ekki alveg á því af hverju það sé meginatriði að báðar nefndirnar verði innan Seðlabankans.

Í okkar huga er ekki aðalatriði málsins hvað stofnunin heitir sem sinnir verkefnunum,“ nefnir hann. Fremur eigi að huga að því hvernig verkefnum er skipt, svo sem hvaða verkefni eigi að vinna í sameiningu og hvaða verkefni eigi að vinna sjálfstætt.

Jón Þór segist sakna ítarlegri umfjöllunar í skýrslunni um reynsluna af núverandi fyrirkomulagi kerfisáhættunefndar og fjármálastöðugleikaráðs. Eins sé lítið fjallað um meginverkefni Fjármálaeftirlitsins, eindarvarúð. „Eindarvarúðin er, eins og kerfið er nú byggt upp, mun umfangsmeiri starfsemi í mannafla talið en þjóðhagsvarúðin. Það þyrfti að skoða núverandi fyrirkomulag með mun nákvæmari hætti áður en ákvarðanir eins og þær að færa allt varúðareftirlit yfir til Seðlabankans verða teknar,“ nefnir hann og bætir við:

„Ég held að nefndin hafi ekki fullkomna innsýn í það hvaða þættir í starfsemi Fjármálaeftirlitsins hún leggur til að verði færðir yfir til Seðlabankans, enda fjallar skýrsla nefndarinnar á engan hátt um fjármálaeftirlit.“

**Erfitt að sjá ávinninginn**

Í skýrslu Kristin Forbes, prófessors við MIT-háskóla og eins ráðgjafa nefndarinnar, var sú skoðun viðruð að betra væri að greining á hugsanlegri beitingu þjóðhagsvarúðartækja væri samhæfðari en nú er. Jón Þór segir það ekki endilega til bóta að aðeins ein stofnun komi að greiningarvinnunni.

Hann hafi aukinheldur ekki komið auga á þann vanda sem er sagður felast í samstarfi Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans.

Hann bendir á að kerfisáhætta sé tvíþætt fyrirbæri. „Annars vegar er hún sú áhætta sem fjármálafyrirtækjum getur stafað af óhóflegum sveiflum eða áföllum í hagkerfinu og hins vegar er hún sú áhætta sem hagkerfinu getur stafað af áföllum í rekstri einstakra kerfislægra mikilvægra fjármálafyrirtækja. Kerfisáhættan snýr því að bæði flæði úr „macro“ í „micro“ og úr „micro“ í „macro“. Þetta er gagnvirkt.

Ég held því að það sé að mörgu leyti heilbrigt að fleiri en ein stofnun, með ólíkum sérfræðingum með ólíka sýn, komi að borðinu.“

Jón Þór segir að ef hugmyndir nefndarinnar verði að veruleika hafi það ávallt verið afstaða Fjármálaeftirlitsins að mest sé um vert að tryggja samlegðaráhrif í eftirliti með bæði bönkum og öðrum mikilvægum aðilum á fjármálamarkaði, ekki síst lífeyrissjóðum. „Það er erfitt að sjá ávinninginn af því að skilja neytendahlutverk og eftirlit með verðbréfamarkaði frá öðru eftirliti. Ef sameining er meginmarkmiðið hlýtur að vera heppilegast að Fjármálaeftirlitið í heild sinni sameinist Seðlabankanum,“ nefnir hann.



**EBITDA hátæknifyrirtækisins Skagans jókst um 50 milljónir á milli ára.**

## Skaginn hagnast um 340 milljónir

Hagnaður hátæknifyrirtækisins Skagans nam 339 milljónum króna í fyrra og jókst um 37 prósent á milli ára. Fyrirtækið, sem þróar, framleiðir og selur tækjabúnað fyrir matvælaiðnaðinn, einkum fiskvinnslu, velti um 5,7 milljörðum króna á árinu borið saman við 4,3 milljarða árið 2016, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi þess.

Rekstrarhagnaður Skagans fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 457 milljónir króna í fyrra og jókst um tæpar 50 milljónir á milli ára.

Fyrirtækið átti eignir upp á 2,8 milljarða í lok síðasta árs, borið saman við 1,8 milljarða í lok árs 2016, og var eigið fé 619 milljónir króna. Meðalfjöldi ársverka hjá Skaganum var 108 á árinu.

Stjórn fyrirtækisins hefur lagt til að á þessu ári verði allt að 340 milljónir króna greiddar í arð til hluthafa, félagsins IÁ Hönnunar, en það er í eigu Ingólfs Árnasonar, stofnanda og framkvæmdastjóra Skagans, og eiginkonu hans. – **kij**

## Basko lækkaði um 690 milljónir í virði

Virði eignarhaldsfélagsins Basko, sem á og rekur meðal annars verslanir 10-11, lækkaði um tæp 37 prósent í bókum stærsta hluthafa félagsins, framtakssjóðsins Horns III, á síðasta ári. Félagið var metið á um 1.190 milljónir í lok ársins borið saman við 1.885 milljónir í lok árs 2016.

Framtakssjóðurinn, sem er í rekstri Landsbréfa, jók eignarhlut sinn í Basko úr 80 prósentum í 88 prósent í fyrra, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi sjóðsins.

Sjóðurinn keypti fyrir tveimur árum 80 prósenta hlut í Basko af félögum tengdum stjórnendum þess, þar á meðal Árna Pétri Jónssyni forstjóra og bresku matvöruversluninni Iceland Foods, fyrir rúmlega 1,5 milljarða króna. Var félagið metið á tæpa 1,9 milljarða í viðskiptunum. Þá sýndi Skeljungur því áhuga síðasta sumar að kaupa Basko fyrir allt að 2,2 milljarða en stjórn olíufélagsins hætti hins vegar við áformin þar sem „ýmsar forsendur“, eins og það var orðað í tilkynningu félagsins, gengu ekki eftir.

Fyrir utan verslanir 10-11 rekur Basko meðal annars verslanir Iceland, kaffihús Dunkin' Donuts og hamborgarastaðinn Bad Boys Burgers & Grill. Félagið keypti á síðasta ári auk þess helmingshlut í Eldum rétt. Fyrr á árinu var greint frá því að Samkaup hefði keypt valdar verslanir Basko, en ekki hefur fengist upplýst um hvaða verslanir eru að ræða.




**Basko rekur meðal annars verslanir 10-11.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framtakssjóðurinn, sem er að mestu í eigu lífeyrissjóða, tapaði 1.824 milljónum króna í fyrra en tapið nam um 207 milljónum árið áður.

Annar framtakssjóður í stýringu Landsbréfa, Horn II, hagnaðist um ríflega 2,7 milljarða króna í fyrra, en sjóðurinn seldi á árinu 60 prósenta hlut sinn í Keahótelum fyrir um fimm milljarða og færði upp tæplega helmingshlut sinn í Hvatningu, stærsta eiganda Bláa lónsins, um 49 prósent en hluturinn var metinn á ríflega átta milljarða í lok síðasta árs. – **kij**

# SPARAÐU 40.000 kr.

## AF ÖLLUM DONDOLA SKRIFBORÐSSTÓLUM Í JÚNÍ.










MYNDFORM GRAFÍK

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER

SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS

Elís Þór Rafnsson
sjúkraþjálfari

KIRÓPRAKTORSTOFA ÍSLANDS

Hirzlan 25 ára

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN
MEÐ ÞÉR Í 25 ÁR

Síðumúla 37, 108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
www.hirzlan.is

wagner

ÞÝSK HÖNNUN
EINSTÖK GÆÐI

EINU STÓLARNIR MEÐ

Dondola®
360°
VELTITÆKNI

Að sitja á hreyfingu getur komið í veg fyrir ýmis bakvandamál og hjálpað þeim sem nú þegar stríða við eymsli og þreytu í baki. Hreyfingin miðar að því að létta álag á bakið og styrkja það í hrífandi samspili hvíldar og hreyfingar

SITJUM Á HREYFINGU!



Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Brandenburg, segir að markaðurinn beri ekki auglýsingastofur með fleiri starfsmenn en 40-50. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ferðaþjónustan kaus að stytta sér leið

**Ragnar Gunnarsson auglýsingamaður segir að ferðaþjónustan hafi ekki sinnt uppbyggingu vörumerkja í uppsveiflunni heldur stytti sér leið og nýtti milliliði til að selja þjónustuna. Auk þess byggja markaðsmál margra fyrirtækja á skammtímaaðgerðum. Lýsandi dæmi um skort á langtímahugsun er hve seint smásalar brugðust við innreið Costco á markaðinn. Hefðbundnir miðlar eru fremur sterkir.**

**Helgi Vífill Júlíusson**
helgivifill@frettabladid.is



Ferðaþjónustan sinnti illa uppbyggingu vörumerkja í uppsveiflunni. Mörg fyrirtækjanna nýttu milliliði til að selja þjónustuna til að stytta sér leið og sinntu ekki uppbyggingu vörumerkjanna. Nú vakna þau upp við vondan draum þegar tímabili mikils vaxtar virðist vera lokið og kostnaður hefur aukist vegna hærri launa. Þetta segir Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Brandenburg.

„Forsvarsmenn ferðaþjónustunnar þurfa nú að hagræða og vilja því sneiða fram hjá dýrum milliliðum sem taka til sín stóran hluta veltunnar. Það verður erfitt fyrir þá að fara núna að byggja upp sín vörumerki og markaðssetja þegar hægir á vexti í greininni. Það tekur mörg ár að byggja upp vörumerki og fyrirtækin hefðu átt að nýta sér góðærið til að byggja upp vörumerkið og þekkingu á netmarkaðssetningu. Mér finnst flugfélagið WOW gott dæmi um hve öflugt vopn vörumerki og markviss vörumerkjauppbygging getur verið í harðri samkeppni. WOW er orðið þekkt merki hérlendis og erlendis með aðeins brot af því fé sem stóru flugfélögin geta sett í markaðsmál og stærsti hlutinn farið í markaðssetningu á netinu.

Viðskiptavinum hefur rignt inn og ég tel að mörg fyrirtæki í ferðaþjónustunni hafi sofið á verðinum. Nú þurfa forsvarsmenn fyrirtækjanna að verja dýrmætum tíma í uppbyggingu vörumerkja til að aðgreina sig í miklu harðari samkeppni en verið hefur,“ segir Ragnar.

Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri sagði í Morgunblaðinu í síðustu viku að bókunarsíður taki frá 15 prósentum og upp í 35 prósent af veltu fyrir þjónustu sína.

Ragnar getur þess að fyrirtæki í ferðaþjónustu hafi mörg hver verið lítil og ekki haft fjárráð til að byggja upp vörumerki. „Fyrirtæki í ferðaþjónustu eiga eftir að sameinast í meiri mæli á næstu árum og misserum. Við það verða til öflugri fyrirtæki sem geta lagt meira í markaðsmál.“

> **Stundum er talað um auglýsingageirann sem eins konar kanarífugl í göngunum fyrir hagkerfið enda erum við með þeim fyrstu sem finna fyrir því hvort sem það er þegar dregur úr hagvexti eða að hann eykst. Eins og staðan er núna, er gott hljóð í flestöllum sem við vinnum fyrir. Við finnum ekki fyrir miklum samdrætti.**
>
> Ragnar Gunnarsson

## Skammtímaaðgerðir ríkjandi

Að hans sögn byggjast markaðsmál margra fyrirtækja á skammtímaaðgerðum. „Það skortir langtímahugsun í markaðsmálum. Mikill tími fer í skammtímaaðgerðir sem eiga að vera söluhvetjandi og oft er mikið lagt upp úr alls konar tilboðum. Þetta á sérstaklega við markaði þar sem ríkir mikil samkeppni. Það líður varla sú helgi að ekki sé einhvers konar tax free helgi, svartur fössari eða HM-tilboð. Allt er á tilboði og því fer mikil orka í skammtímaaðgerðir.

Lýsandi dæmi um skort á langtímasýn er hvernig smásalar brugðust við innreið Costco á markaðinn. Fyrirtæki á borð við Hagkaup, Krónuna og Nettó biðu eftir að Costco opnaði og fóru þá í markaðsaðgerðir sem snérust um að aðgreina fyrirtækin. Keppinautar Costco hefðu að sjálfsögðu átt að nýta tímann vel áður en Costco var opnað hér á landi til þess að skilgreina sig og segja neytendum frá kostum sínum. Þeir hefðu þá verið betur í stakk búnir til glíma við Costco og væru fyrir vikið sterkari keppinautar.“

## Gott hljóð í kanarífuglinum

*Hvernig metur þú efnahagsástandið út frá auglýsingamarkaðnum um þessar mundir?*

„Stundum er talað um auglýsingageirann sem eins konar kanarífugl í göngunum fyrir hagkerfið enda erum við með þeim fyrstu sem finna fyrir því hvort sem það er þegar dregur úr hagvexti eða að hann eykst. Eins og staðan er núna, er gott hljóð í flestöllum sem við vinnum fyrir. Við finnum ekki fyrir miklum samdrætti. Ég heyri á kollegum mínum að menn séu almennt nokkuð sáttir. Stærri stofunum gengur vel og það er mikið að gera.

Aftur á móti er umræðan í þjóðfélaginu oft á þann veg, að það mætti ætla að Íslendingar biðu í ofvæni eftir næsta hruni. Það mætti halda að hópur manna voni að það verði hrun. Almennt séð er góður gangur í hagkerfinu en á sama tíma hefur ferðaþjónustan gengið ansi langt í að mála of dökka mynd af stöðu mála. Þrátt fyrir að hún sé að verjast auknum álögum má ekki tala greinina niður og draga úr fólki kjark og bjartsýni. Ef fjöldi ferðamanna verður á svipuðum slóðum og í fyrra verðum við í býsna góðum málum. Það munu verða sveiflur í ferðaþjónustu. Það er eðli greinarinnar. Það þarf að læra að vinna úr þeim. Lönd sem byggja mikið á ferðaþjónustu, eins og Spánn, hafa gengið í gegnum eitt og annað í áranna rás.“

*Hvernig horfir árið í rekstri Brandenburg við ykkur?*

„Árið byrjar mjög vel. Það er bjart yfir okkur. Árið í fyrra var einnig mjög gott.“ Tekjur Brandenburg jukust um 29 prósent á milli ára og námu 537 milljónum króna árið 2017. Hagnaður var 26 milljónir króna og dróst saman um tíu milljónir króna á milli ára, einkum vegna aukins launakostnaðar.

## Laun aukast hraðar en tekjur

*Auglýsingastofur byggja á mannauði. Hvernig gengur að takast á við launaskriðið? Er launakostnaður að aukast hraðar en tekjur?*

„Þróun launa er aðaláhyggjuefnið í rekstrinum. Kostnaður auglýsingastofa er einkum launakostnaður. Viðskiptavinir eru í sömu sporum og við, þeir leita því leiða til að spara samhliða vaxandi launakostnaði. Það eru allir að berjast við að halda niðri kostnaði. Það er því erfitt að hækka okkar verð. Af þeim sökum er launakostnaður að aukast hraðar en tekjur.“

*Hvers vegna er ekki til verulega stór auglýsingastofa á Íslandi?*

„Íslenski markaðurinn ber ekki meira en 40-50 manna stofu að mínu mati. Þær verða ekki mikið stærri en það. Það hafa alltaf verið 5-6 stórar stofur, svo nokkrar millistórar og loks smærri stofur og einyrkjar. Markaðurinn er lítill. Það er bara hægt að vera með eitt tryggingafélag, einn banka, eitt flugfélag, eitt stórt fyrirtæki í hverri grein. Stærðin takmarkast af því. En við á Brandenburg höfum aldrei hugsað um stærð fyrirtækisins. Við höfum ekki sérstakan metnað til að vera stærst heldur einblínum við á að verða besta stofan, veita góða þjónustu og sinna okkar viðskiptavinum vel.“

*Hver er munurinn á auglýsingum í þessari uppsveiflu og fyrir hrun?*

„Fyrir hrun var settur mikill peningur í auglýsingar án þess að velta fyrir sér hverju þær væru að skila. Nú eru gerðar mun ríkari kröfur um að fjárfestingar í markaðsmálum skili árangri og séu á skynsamlegum nótum.“

Að sögn Ragnars er hlutverk auglýsingastofa að koma með góðar einfaldar hugmyndir sem skila árangri. Það sé síðan útfærsluatriði á hvaða miðlum auglýsingin birtist, hvort sem það eru hefðbundnir miðlar, samfélagsmiðlar eða

# Fólk Heimili

MIÐVIKUDAGUR 13. JÚNÍ 2018



**Þegar sólin felur sig svo vikum skiptir er mörgum skapi næst að örvænta. En það er margt í boði á rigningardögum, bara spurning um hugarfar og hugmyndaflug.**

→4

GLAMOUR



*Maí og Júníblað*
GLAMOUR
ER KOMIÐ ÚT




Fyrirliði íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, Aron Einar Gunnarsson, var hvatamaður þess að JS Watch hannaði sérstakt HM-úr nú, líkt og gert var fyrir EM 2016. Hér stendur hann kampakátur með nýja HM-úrið ásamt Grímkeli Sigurþórssyni, Gilberti Ó. Guðjónssyni og Sigurði B. Gilbertssyni hjá JS Watch Co.

# HM-úr með vit og visku

## Gilbert úrsmiður og JS Watch Company eiga heiðurinn af HM-úrinu World Cup MMXVIII sem var hannað í samvinnu við strákana í íslenska fótboltalandsliðinu. Úrið er fágætt, fagurt og felur í sér hjartfólgnar tilvísanir. →2

Það var fyrirliðinn frækni, Aron Einar Gunnarsson, sem fyrir hönd strákanna í landsliðinu óskaði eftir að búin yrði til ný útgáfa af armbandsúri þegar ljóst var að Ísland yrði með í sjálfri úrslitakeppni heimsmeistaramótsins í Rússlandi,“ upplýsir Grímkell Sigurþórsson, hönnuður hjá JS Watch co. Reykjavík.

JS Watch hannaði sérstakt EM-úr í samstarfi við strákana í landsliðinu árið 2016, með góðum árangri.

„EM-úrið var framleitt í hundrað númeruðum eintökum og seldist fljótt upp. Því framleiðum við HM-úrið í 300 númeruðum eintökum og er salan nú í fullum gangi,“ segir Grímkell um nýja HM-úrið sem hittir Íslendinga í hjartastað því það er smíðað með mörgum hjartfólgnum tilvísunum.

„Þegar við hönnuðum HM-úrið horfðum við til lítilla smáatriða sem tengjast landsliðinu. Þar má nefna tölurnar frá einum og upp í ellefu sem eru silfraðar og tákna leikmennina. Tólfan, eða tölustafurinn 12, er rauður og táknar áhorfendur eða stuðningsmenn landsliðsins; sum sé tólfta leikmanninn,“ útskýrir Grímkell um þá




Horft var til þýðingarmikilla smáatriða sem tengjast íslenska landsliðinu við hönnun HM-úrsins. Þar á meðal er sekúnduvísirinn eins og blátt víkingaspjót. MYNDIR/

**Framhald af forsíðu**

glæstu úrsmíði sem HM-úrið er.

„Við höfðum EM-úrið blátt sem tónaði við lit landsliðstreyjanna en HM-úrið er hvítt með bláum mínútustrikum upp í 45. mínútu. Síðustu fimmtán mínúturnar eru hins vegar afmarkaðar með rauðum strikum og á því svæði mínútuhringsins stendur „half time“, með vísun í leiktímann,“ útskýrir Grímkell.

Sekúnduvísir HM-úrsins er blár og í laginu eins og víkingaspjót.

„Á botni skífunnar er ritað „Fyrir Ísland“ og fyrir neðan miðju er nafn úrsins: World Cup MMXVIII. Þar snýr R-ið öfugt til marks um að keppnin fer fram í Rússlandi. Á bakhliðinni kemur fram nafn framleiðandans, nafn úrsins og tilvitnunin „Var það ekki“ til að minna á fagnaðarsöng landsliðsins eftir sigurleiki,“ upplýsir Grímkell.

## Uppfyllir ströngustu kröfur

Fyrstu þrjátíu númer HM-úrsins eru frátekin fyrir landsliðshópinn. Úrin voru afhent íslensku leikmönnunum við hátíðlega athöfn á Hilton Nordica áður en þeir lögðu af stað til Rússlands.

„HM-úrin frá JS Watch eru íslensk úrsmíð frá grunni,“ segir Grímkell. „Þau voru hönnuð á teikniborði JS í miðbæ Reykjavíkur og allir íhlutir voru sérframleiddir í sérhæfðum verksmiðjum í Sviss og Þýskalandi. Þá eru úrin sett saman hér heima undir ströngu gæðaeftirliti Gilberts Ó. Guðjónssonar úrsmíðameistara, sem nýtir áralanga þekkingu og reynslu sína af úrsmíði til að tryggja að hvert og eitt úr standist ströngustu kröfur. Frá upphafi hefur því verið leitast við að sameina glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks úrverk og falleg armbönd,“ segir Grímkell og víst er að HM-úrið stenst kröfur.

„Vönduð úr eru munaðarvara og fylgihlutur sem bæði karlmenn og konur njóta þess að velja, bera og eiga.“

JS Watch co. Reykjavík er á Laugavegi 62. Sími 551 4100. Sjá nánar á jswatch.com.



Strákarnir í íslenska karlalandsliðinu fengu draum sinn uppfylltan þegar þeim var afhent glæsilegt HM-úrið við hátíðlega athöfn á Hilton Nordica áður en þeir lögðu af stað í keppnina til Rússlands.



Aron Finnbogason var himinsæll með eigulegt HM-úrið sem kemur að góðum notum og er einstaklega klæðilegt.




Bakhlið HM-úrsins er ekki síður merkileg. Þar er meðal annars áritað: „Var það ekki“ sem minnir á kunnan fagnaðarsöng landsliðsins eftir sigurleiki.




Tölustafirnir 1 til 11 eru silfraðir og tákna leikmenn landsliðsins en tölustafurinn 12 er rauður og táknar tólfta leikmanninn sem eru stuðningsmenn.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Sérmeðferðir fyrir þá sem gera kröfur um raunverulegan árangur !





Snyrtistofan Hafblik býður upp á hinn vinsæla Supreme Hollywood-meðferðarkúr sem gefur raunverulegan árangur. Þessi náttúrulega og kröftuga viðgerðarmeðferð á andliti er raunhæf leið til að eldast með fullri reisn. Staðreyndin er að það tekur okkur mörg ár að mynda djúpar hrukkur og aðrar skemmdir í húð. Þær hverfa ekki á einni nóttu. Það er engin skyndilausn til. Supreme Hollywood-meðferðarkúr er langtímaferli og þ.a.l. raunveruleg viðgerð sem vinnur á ótímabærri öldrun húðar, vinnur á litabreytingum og öldrunarblettum og styrkir og stinnir húðvefinn. Starfsemi húðar verður sterkari, heilbrigðari og virkari.

**Glæsilegir tilboðspakkar í boði og allt frá 55 þús. upp í 150 þús. kr. afsláttur !**

## Við bjóðum einnig: Háræðaslitsmeðferðir

### HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA




**Hljóðbylgjumeðferð**
Fjarlægir háræðaslit í andliti, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

**Hversu margar meðferðir þarf?**
Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háræðaslit endanlega.

Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur

**Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**

Snyrtistofan Hafblik

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

# Þér finnst rigningin góð

**Þegar sólin tekur upp á því að fela sig svo vikum skiptir er mörgum skapi næst að örvænta. En það er margt hægt að gera á rigningardögum, bara spurning um hugarfar og hugmyndaflug.**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Sumarið er tíminn til að púsla og hlusta á rigninguna falla mjúklega á þakið.



Rigning þarf ekki að stoppa neinn í því að gera það sem hugurinn stendur til.

**1** Leiktu þér með liti. Þegar sólin er ekki til staðar til að gleðja augað og sálina verður beinlínis lífsnauðsynlegt að bæta litum í lífið með því að skipta út gráum, svörtum og brúnum púðum, mottum og gardínum fyrir aðeins litríkari valkosti. Tískulitirnir innanhúss í sumar eru allt frá fölum pastellitum yfir í mexíkóska marglitadýrð sem er nóg til að koma öllum í gott skap.

**2** Hlustaðu. Það er fátt notalegra en að hlusta á regnið falla á glugga og þök eða dynja á laufblöðum eða stéttinni fyrir utan. Vatn er undirstaða lífsins og fyrst við erum svo heppin að fá svona mikið af því er eins gott að njóta þess.

**3** Andaðu. Besta lykt í heimi kemur af blautu birki eða mosa og tandurhreint loft er það hollasta sem þú getur dregið að þér.

**4** Skapaðu. Rigningin býður upp á ýmis tækifæri til sköpunar. Það má til dæmis mála með regndropum sem er mjög góð skemmtun bæði fyrir börn og fullorðna. Setjið nokkra dropa af málningu á þykkan pappír og látið svo rigna á blaðið. Takið það svo inn eftir smástund og sjáið hvað rigningin málaði handa ykkur.

**5** Kúrðu. Á Íslandi er mikill þrýstingur í þá veru að það beri að nota gott veður til hins ítrasta. Þá á að gera garðinn frægan, mála, lakka, taka til í geymslum, spóka sig, synda, brúnast, borða ís, hjóla, leika úti, grilla og svo framvegis. Í rigningu þarftu ekki að gera neitt nema kúra undir teppi með te, bók eða Netflix, í mesta lagi fara í skemmtilegt spil við fjölskyldu og vini.



Fátt jafnast á við að kúra með bók í góðum félagsskap á meðan regnið fellur fyrir utan.

**6** Eldaðu. Regntíminn er kjörinn til að prófa nýjar uppskriftir sem taka langan tíma og mikla yfirlegu. Leggðu í bleyti, marineraðu, hægsteiktu, bakaðu fánaköku til að borða yfir HM. Nógur tími til að dúlla sér.

**7** Farðu út. Það er allt öðruvísi að upplifa umhverfið og náttúruna í rigningu en sólskini og þar sem sumarregnið er oft svo ljúft er mögulega hægt að fara út með regnhlíf, nokkuð sem Íslendingum býðst sjaldan á öðrum árstíma.

**8** Veiddu. Besta veiðiveðrið er mildur sumarúði og samruninn við náttúruna í rigningu úti í miðri á nánast yfirnáttúrulega dásamlegur.

**9** Púslaðu. Eitt af því sem rigningardagar leyfa er að sökkva sér niður í kyrrstöðuverkefni eins og að púsla í ró og næði og hafa nægan tíma til að prófa hina og þessa kubba í stóru og flóknu púsli. Það er líka notalegt að hekla, prjóna eða sauma úti í rigningunni, prófaðu bara.

**»Vatn er undirstaða lífsins og fyrst við erum svo heppin að fá svona mikið af því er eins gott að njóta þess.**

**10** Mundu. Það styttir upp að lokum, það hefur alltaf gerst.

SUMARSALAN HAFIN 20%-30% AFSLÁTTUR,
GERRY WEBER-TAIFUN-BETTY BARCLAY

















GLÆISLEG VERSLUN SKIPHOLTI 29B SÍGILD KÁPUBÚÐ

BERNHARÐ LAXDAL SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Mamma Veit Best

HREIN HEILSA

# MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN, VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

## Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!




Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.
Gæði bætiefna skipta öllu máli.
Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu.
Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

## EITTHVAÐ FYRIR ALLA

**Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín**

## Allt lífrænt - allt vegan

Þú færð MyKind vörulínuna hjá Mamma vet best Laufbrekku 30 200 kópavogi, Njálsgötu 1 101 Reyjavík og á Mammaveitbest.is

# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



MAZDA Cx-3. Árgerð 2016, ekinn 16 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.980.000. Rnr.262051 Hafið samband varðandi hugsanleg skipti. Bílabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is



HOBBY 540UFF - Nýtt. Árgerð 2018,Tilbúið í ferðalagið með gaskút,rafgeymi,hleðslu, Topp markisa TRUMA Combi 6 heating system, including 10-litre boiler. Verð 3.990.000 .Bílabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Eirhöfði 11, 110 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið virka daga 12-18 og laugard. 12-15**
**www.bilabankinn.is**

bilfang.is
S. 567 2000



**ÓDÝR OG NÝR !!!**

VW Golf Trendline 1.6 Diesel 06/2018 beinsk. Okkar verð 3.290 ! HEKLA 3.790 !!! Er á staðnum.



**NÝR 4X4 !**

Skoda Octavia Style 4X4 2.0 Diesel (NÝR 2018) Hlaðinn búnaði ! Nokkrir litir í boði ! Okkar verð 4.790 Þús (HEKLA 5.4 mil) Er á staðnum !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

SUZUKI



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Seadoo GTX ltd 2017. Flaggskipið frá Seadoo, virkilega vel búið tæki 300 hp með bremsum, cruise control svo eitthvað sé nefnt. Keyrt 11 hrs. Yamaha FX cruiser SHO 2008. Einnig flaggskipið frá Yamaha 2008 vel búið og þægilegt skiði einnig með cruise control. Skiðin eru í tvöfaldri kerru sem situr frekar lágt og því mjög þægilegt að sjósetja úr henni. Verð 4.300.000 kr Upplýsingar í 8586415



YARIS 2005 Ek. 155þ.km. skoðaður, í góðu ástandi, bensín beinskiptur. S: 8947198

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 100-200þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Bátar

VEIÐIPORTIÐ



Pro marine slöngubátar 360 cm - 229.000 kr 420cm - 289.000 kr Besta verðið í bænum ! Nánar um bátana á veiðiportid.is Veiðiportið Grandagarði 3 101 Reykjavík 552-9940

## Glæsilegt hjólhýsi



**FENDT Tendenza 515 SG**
- Árgerð 2018
- Nýtt
- Flott verð
- Góð lán í boði

**Tilboð kr. 4.790.000.**
Rnr.105777.

BRAUT BÍLASALA
Bíldshöfða 3 • 110 Reykjavík
S. 587 6600 • www.bilabraut.is

# Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

NÝJA BÍLAHÖLLIN 30 ÁRA • 1988 - 2018

# Góðir í sumar!



**CHRYSLER Town - country.** Árgerð 2014, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 4.480.000.**einn með öllu Rnr.213030.



**VOLVO Xc90 t8 r design** Árgerð 2017, ekinn 13 Þ.KM, bensín/rafmagn sjálfskiptur 8 gírar.glerþak,leður,krókur,loftpuðar og fl . **Verð 9.950.000.** Rnr.116395.



**ADRIA Adora 542ul.** Árgerð 2015 sólacella,markísa,sjónvarp og fl **HM TILBOÐ kr 3.150.000.eins og nýtt tilbúið í sumarið** Rnr.115872.



**SKODA Citigo.** Árgerð 2014, ekinn 185 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **HM TILBOÐ 490.000. aðeins 3 eftir** Rnr.213031.



**SKODA Octavia.4wd** Árgerð 2016, ekinn 57 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 3.350.000.** Einkabíll Rnr.116380.



**NISSAN Qashqai acenta** Árgerð 2015, ekinn 44 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.150.000.** einkabíll Rnr.116386.



**MAZDA Cx-5 optimum.** Árgerð 2016, ekinn 38 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 4.450.000.** Rnr.213019.



**LAND ROVER Discovery 4 s.** Árgerð 2012, ekinn 101 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 4.990.000.**flottur bíll á flottu verði Rnr.212903.



**CHEVROLET Silverado 3500 ltz.** Árgerð 2018, nýr bíll, dísel, sjálfskiptur.2.ára ábyrð **Verð 7.725.000.**án vsk Rnr.212981.



**GMC Sierra 3500hd denali.** Árgerð 2018, nýr bíll .KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 7.967.000.**án vsk 2 .ára ábyrð Rnr.212928.

567 2277 **NÝJA BÍLAHÖLLIN** WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
**Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.**
**Sími utan opnunartíma • S. 861 2165**
**REYNSLA OG TRAUST Í 30 ÁR**



**FORD F350 platinium ultimade** Árgerð 2017, ekinn 8 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.leður,glerþak lok,stærri dekk **Verð 7.975.000.**án vsk Rnr.115630.



**DODGE Ram 3500 limited tungsten.** Árgerð 2018, nýr bíll Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. leður,glerþak og fl asian skipting **Verð 7.967.000.** án vsk Rnr.115242.



**PORSCHE 911 turbo techart.** Árgerð 2006, ekinn 26 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. **Verð 17.490.000.** gullmoli Rnr.116355.

# Góð sala!

**Vantar nýlega bíla á skrá og á staðinn. Úti og innisvæði.**



## Honda Civic Sedan Elegance

Nýskráður 3/2018, ekinn 1 þús.km., bensín, sjálfskiptur,bakkmyndavél,bluetooth, sýningarbíll frá umboðinu.

**Verð kr. 4.190.000**



## Honda HR-V Executive

Nýskráður 2/2018, ekinn 4 þús.km., bensín, sjálfskiptur, opnanlegt glerþak, leiðsögukerfi, lykillaust aðgengi o.fl.

**Verð kr. 4.390.000**



## Mazda 2

Nýskráður 10/2006, ekinn 57 þús.km., bensín, beinskiptur, ný tímareim.

**Verð kr. 690.000**



## Toyota Rav4 GX Plus

Nýskráður 8/2015, ekinn 57 þús.km., dísel, sjálfskiptur, bakkmyndavél, bluetooth, dráttarkrókur.

**Ásett verð kr. 4.450.000**

**Tilboð kr. 3.990.000**

Vegna mikillar sölu undanfarið vantar okkur allar gerðir bíla á söluskrá

### Opnunartími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00

Lokað á laugardögum í sumar

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is


## Varahlutir


VAKA

BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!

MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | vakahf.is


## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

# Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Hreingerningar


Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46


Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Almenn garðvinna, sláttur, úðun og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald


K2

LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is


**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994


## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




Barnaheill
Save the Children á Íslandi


# Keypt & Selt

## Til sölu


STIGA



**Stiga TwinClip 50 SB**

Lúxus sláttuvél með drifi
B&S 625E mótor
Tvískiptur sláttuhnífur, slær 2svar
70 lítra kassi, "notendavænn"
Frábær vél í flestan slátt

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

VEIÐIPORTIÐ




Bússur- Þessar gömlu góðu. 8.900 kr. St. 40-48 Veiðiportið Grandagarði 3 S:552-9940

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204


# VANTAR ÞIG STARFSFÓLK



Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000 info@handafl.is | handafl.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



## Atvinna

## Atvinna í boði

**- BÍLSTJÓRA VANTAR Á FJÖGURRA ÖXLA TRUKK -**
Silfri ehf óskar eftir bílstjóra á fjögurra öxla trukk.

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**
Silfri ehf óskar eftir trailer bílstjóra

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

Heimaás

**SMIÐUR / UPPSLÁTTUR**
Heimaás óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarvinnu.

-Mæling/einingarverð

-Sveinspróf skilyrði

-Kranapróf kostur

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir samviskusömu og áreiðanlegu sumarstarfsfólki. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Álit Skipulagsstofnunar**

**Landmótun kirkjugarðs í hlíðum Úlfarsfells, Reykjavík**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Reykjavíkurborgar er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Álit Skipulagsstofnunar**

**Hólsvirkjun í Fnjóskadal, Þingeyjarsveit**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Arctic Hydro er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**



**Bryndís**
**GSM: 773 7400**



almannatengsl. „Það er vinsælt að segja að auglýsingastofur eigi undir högg að sækja þegar að nýir miðlar koma til sögunnar. Núna eru það áhrifavaldar á samfélagsmiðlum sem eru taldir ógnin. Því er öfugt farið í mínum huga. Þetta er mikið tækifæri fyrir auglýsingastofur því nú er kominn enn einn miðilinn sem hægt er að nýta til að koma skilaboðum á framfæri.

Auglýsingastofur hafa gengið í gegn um miklar breytingar á fjölmiðlaumhverfinu. Fyrst ber að nefna tilkomu netsins. Því næst breyttist fjölmiðlaneysla; lestur dagblaða hefur dvínað á sama tíma og sömu sögu er að segja af línulegri sjónvarpsdagskrá. Nú horfir fólk á það sem það vill, þegar það vill. En enn og aftur: Þetta eru tækifæri fyrir okkur. Það þarf orðið svo mikið til að ná athygli fólks að hugmyndin þarf að vera góð svo fólk leggi við hlustir.

Fyrirtæki munu alltaf þurfa að koma vöru sinni eða ímynd á framfæri. Ég held að eftirspurn eftir góðum hugmyndum muni margfaldast þannig að tækifærin eru mikil fyrir góðar auglýsingastofur og öflugt hugmyndafólk.

Verkefni auglýsingastofa eru orðin mun fjölbreyttari en þau voru fyrir nokkrum árum. Til viðbótar við hefðbundnar auglýsingar sinnum við ráðgjöf, framleiðum myndefni fyrir vefinn, forritum og hönnum vefsíður, sjáum um framleiðslu á efni og ritstjórn samfélagsmiðla svo eitthvað sé nefnt. Það voru ekki margir forritarar að vinna á hefðbundnum auglýsingastofum fyrir fáeinum árum.“

**Flóknara umhverfi ekki endilega dýrara**

*Leiðir flóknara fjölmiðlaumhverfi af sér að það verði mun dýrara fyrir fyrirtæki að ná til markhópsins?*

„Umhverfið verður æ flóknara en tæknin mun gera það að verkum að það verður auðveldara að ná til markhópanna. Ég tel því að markaðsstarfið verði ekki endilega dýrara því sóunin verður minni. Því það er ekki verið að birta öðrum en markhópnum auglýsingar í jafn miklu mæli og nú er. Hér áður fyrr var verið skjóta á alla hópa og vona að eitthvað af því hitti í mark. Þess í stað verða herferðirnar markvissari.“

*Hvernig standa gömlu miðlarnir?*


„WOW er orðið þekkt merki hérlendis og erlendis með aðeins brot af því fé sem stóru flugfélögin geta sett í markaðsmál,“ segir Ragnar.

## Oft mikil dramatík í kringum klofninga

Ragnar hefur starfað á auglýsingastofum í tvo áratugi. Hann var meðeigandi og framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Fíton á árunum 2007 til 2011 en hann og þrír aðrir starfsmenn auglýsingastofunnar tóku sig þá til og stofnuðu Brandenburg árið 2012.

Brandenburg er í jafnri eigu Ragnars, Braga Valdimars Skúlasonar hugmyndasmiðs, Hrafns Gunnarssonar hönnunarstjóra og Jóns Ara Helgasonar hönnunarstjóra.

„Flestallar nýjar stofur og margar af gömlu stofunum hafa orðið til með þeim hætti. Það er kjarni innan fyrirtækisins sem klýfur sig frá og stofnar nýja stofu. Þetta er lítill bransi og mikil samkeppni sem einkennir hann, því verður oft mikil dramatík í kringum svona klofning,“ segir Ragnar.

Það starfa 34 hjá Brandenburg. „Vöxturinn hefur verið mun hraðari en okkur óraði fyrir. Við byrjuðum bara fjórir í kjallara í Grófinni. Við höfum engu að síður gætt þess að fara varlega. Við höfum ávallt átt fyrir innri vextinum. Fyrirtækið stendur vel og skuldar ekkert.

Við vorum með flesta lúðra á Íslensku auglýsingaverðlaununum og höfum verið með flestar tilnefningar fjögur ár í röð. Undanfarin tvö ár hefur Brandenburg verið valin Auglýsingastofa ársins. Verðlaunin byggja á skoðanakönnunum á meðal markaðsstjóra. Ég er mjög stoltur af því að tvær stofur undir minni stjórn hafa náð þessum verðlaunum en Fíton fékk þessi verðlaun líka á sínum tíma,“ segir hann.

Ragnar segir að verðlaunin megi rekja til þess að Brandenburg leggi höfuðáherslu á hugmyndaauðgi. „Og svo erum við náttúrlega með frábært starfsfólk sem er lykillinn að öflugri auglýsingastofu. Ég tel að okkur, sem stofnuðum Brandenburg, hafi tekist að skapa ákveðinn kúltúr og stemningu og verið heppin með að ráða fólk með sama hugarfar. Við erum öll rosalega ólík en öll með sama drifkraftinn til að gera metnaðarfullar og eftirtektarverðar auglýsingaherferðir sem skila árangri.“

„Hefðbundnir miðlar, sérstaklega á Íslandi, standa fremur styrkum fótum og eru góðir kostir fyrir auglýsendur. Flestir vilja því tvinna saman hefðbundna miðla og hina nýju. Þorri auglýsenda hefur til að mynda áttað sig á að það dugar ekki til að treysta einvörðungu á netið með pínulitlum vefborðum heldur þarf að fara fleiri leiðir til að ná til markhópsins. Auglýsingar spila á tilfinningar og skynfæri. Við viljum sjá og heyra, upplifa. Það er erfitt að koma því til skila í vefborðum. Að því sögðu hefur neysla á fjölmiðlum tekið stórstígum breytingum á undanförnum árum. Það er áskorun fyrir miðlana að finna sér nýjan farveg og breyta vöruframboðinu sínu til að það mæti þörfum nútímafólks.“

> **Vöxturinn hefur verið mun hraðari en okkur óraði fyrir. Við byrjuðum bara fjórir í kjallara í Grófinni. Við höfum engu að síður gætt þess að fara varlega. Við höfum ávallt átt fyrir innri vextinum.**
> Ragnar Gunnarsson

**Tilfinningar í tísku**

*Hvaða tón er verið að slá í auglýsingum um þessar mundir?*

„Það er mikið unnið með að hrífa fólk með tilfinningum og fá fólk til að vökna um augun. Sú leið var til að mynda mikið notuð í kringum EM og margir sem hoppuðu á þann vagn. Kannski of margir. Hér áður fyrr var húmor mikið áberandi og þá oft bara hringt í Ladda. Vonandi erum við að fara sjá meiri fjölbreytni í auglýsingum. Þetta er alltaf spurning um hvaða aðferð er best til að koma skilaboðunum á framfæri. Til dæmis fannst okkur upplagt að nota húmor til að fá miðaldra karlmenn til að vera duglegri að flokka rusl í herferð fyrir Sorpu. Það var engin tilviljun að Sorpranos-hugmyndin varð fyrir valinu því hún höfðaði vel til markhópsins. Hún kom líka á óvart og ekki margir sem hefðu veðjað á að Sorpa þyrði að fara þessa leið. Það er gott dæmi um fyrirtæki sem þorir að fara óhefðbundna leið og hefur svo sannarlega uppskorið bæði í eftirtekt og árangri.

HAGRÆÐDU. EINFALDAÐU BÍLAMÁL FYRIRTÆKISINS

HEILDARLAUSNIR Í BÍLAMÁLUM

Pantaðu ráðgjöf á brimborg.is

BÍLAR ÞJÓNUSTA FLOTASTÝRING

Fyrirtækjalausnir Brimborgar veita fyrirtæki þínu ráðgjöf sem tryggir hagkvæmar, sérsniðnar heildarlausnir í bílamálum. Í boði eru yfir 500 gerðir af fólksbílum, jeppum og atvinnubílum frá 5 heimsþekktum bílamerkjum til kaups eða leigu hjá Brimborg. Framúrskarandi viðhalds, dekkja- og hraðþjónusta og flotastýring hjá 250 sérhæfðum starfsmönnum Brimborgar tryggir fyrirtæki þínu hagræðingu, þægindi, sveigjanleika og lengri uppitíma.





BRIMBORG FYRIRTÆKJA LAUSNIR

### Staða Íslands á heimslista FIFA




### Hve mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á Heimsmeistaramóti karla í knattspyrnu (HM) sem fram fer í Rússlandi í sumar?




### Hvaða þjóðir telur þú að sigri?




### Hversu langt telur þú að Íslendingar nái í keppninni?




# Áratugur breytinga – Áratugur stórmóta



**Trausti Ágústsson**
söluStjóri markaðsrannsókna Gallup.

Fyrir tíu árum tryggði íslenska kvennalandsliðið sig fyrst íslenskra A-landsliða inn á stórmót í fótbolta, þegar þær komust á EM í Finnlandi 2009. Þær hafa síðan þá endurtekið leikinn tvisvar sinnum, þegar stelpurnar okkar komust á EM 2013 í Svíþjóð og EM 2017 í Hollandi. Bestum árangri náði liðið í Svíþjóð þegar þær komust í fjórðungsúrslit en féllu út gegn sterku liði heimakvenna. Það þarf varla að rifja upp að strákarnir okkar komust fyrst á stórmót þegar liðið komst á EM í Frakklandi 2016. Strákarnir náðu þá þeim frábæra árangri að komast í fjórðungsúrslit þar sem þeir þurftu að lúta í gras fyrir heimamönnum.

Fyrir áratug var íslenska karlalandsliðið í 83. sæti heimslista FIFA en kvennalandsliðið í 19. sæti. Kvennaliðið hækkaði sig svo upp í 15. sæti frá árunum 2011 til 2012 en er aftur komið í 19. sæti listans. Frá 2008 til 2010 lækkaði karlaliðið úr 83. sæti niður í það 112. sem er það lægsta sem liðið hefur farið á listanum. Frá 2010 hefur leiðin legið upp á við og er liðið núna í 22. sæti listans.

Við hjá Gallup könnuðum áhuga landsmanna 18 ára og eldri á HM í Rússlandi, væntingar til frammistöðu íslenska liðsins og hvaða lið fólk telur líklegast til að vinna mótið. Alls eru 49% sem hafa mikinn áhuga á HM en 34% hafa lítinn áhuga á mótinu, en til samanburðar höfðu 48% mikinn áhuga á EM 2016 og 38% lítinn áhuga. Það kemur líklega ekki á óvart að áhugi er meiri hjá körlum en konum, 58% karla en 40% kvenna hafa mikinn áhuga.




Nú telja 57 prósent að íslenska landsliðið komist upp úr riðlinum sínum á HM í Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þegar væntingar til árangurs íslenska liðsins á EM voru skoðaðar í aðdraganda mótsins 2016 voru 13% sem höfðu rétt fyrir sér um að Ísland myndi komast í fjórðungsúrslit en ekki lengra. Almennt taldi fólk að íslenska liðið myndi ná lengra á EM en það telur að það muni ná á HM. Nú telja 57% að liðið komist upp úr riðlinum en á EM var það 71% þátttakenda. Ef skoðað er hve margir telja að Ísland komist í fjórðungsúrslit eða lengra þá eru það 23% nú en voru 29% fyrir EM. Konur hafa meiri trú á strákunum en karlar, en alls eru 29% kvenna sem telja að þeir komist í fjórðungsúrslit eða lengra en 17% karla. Alls eru 12% þátttakenda sem telja að Ísland komist í undanúrslit HM og 6% telja að Ísland fari alla leið í úrslitaleikinn sem er u.þ.b. einu prósentustigi færri en þeir sem töldu að Ísland kæmist í úrslit EM 2016 þegar spurt var hve langt Ísland myndi ná í keppninni.

Í könnuninni 2016 voru aðeins 6% þátttakenda sem spáðu rétt fyrir um að Portúgal yrði Evrópumeistari í fyrsta sinn. Fjórir af hverjum tíu Íslendingum töldu að Þjóðverjar yrðu Evrópumeistarar. Næstflestir, eða 17%, höfðu mesta trú á að Frakkar myndu sigra en svo voru 13% sem töldu að Spánverjar yrðu Evrópumeistarar í þriðja sinn í röð. Eins og fyrir EM hefur íslenska þjóðin mesta trú á að Þjóðverjar verði meistarar. Alls eru 34% sem telja að Þjóðverjar verji titilinn og verði þannig heimsmeistarar í fimmta sinn og jafni þar með metin við Brasilíumenn sem hafa oftast orðið meistarar. Þátttakendur hafa næstmesta trú á Argentínu, en 19% telja að Messi og félagar standi uppi sem sigurvegarar í lok móts. Aðeins tveimur prósentustigum færri, eða 15%, telja að Frakkar verði heimsmeistarar núna en töldu að þeir yrðu Evrópumeistarar á heimavelli fyrir tveimur árum síðan. Tiltrú Íslendinga á Spánverjum er mun minni fyrir HM nú en fyrir EM 2016 og fáir eða 4% hafa trú á því að Evrópumeistarar Portúgala lyfti bikarnum eftirsótta þann 15. júlí næstkomandi.

Þannig völdu 6% þátttakenda, sem tóku afstöðu þegar spurt var beint hverjir verði heimsmeistarar, Ísland en það voru 8% sem giskuðu á Ísland sem Evrópumeistara fyrir tveimur árum.

Næstu vikur og mánuðir verða spennandi fyrir landsliðin okkar í fótbolta. Strákarnir okkar að skrifa nýjan kafla í sögu íslenskrar knattspyrnu með þátttöku á HM og stelpurnar okkar í dauðafæri að tryggja sér þátttöku á HM í Frakklandi 2019.

ÁFRAM ÍSLAND!

# Glöggt er gests augað



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Við Íslendingar erum sem betur fer nokkuð duglegir að hlusta á erlenda sérfræðinga. Í síðustu viku var ritið Framtíð íslenskrar peningastefnu kynnt, en þar fékk stjörnulið íslenskra hagfræðinga góða aðstoð frá útlöndum og í leiðinni önnur sjónarmið inn í okkar litla heim. Útkoman var afar áhugavert rit og tillögur að úrbótum sem meðal annars byggjast á reynslu annarra landa.

Sérfræðingar eru þó ekki þeir einu sem hægt er að læra af. Undanfarna mánuði hef ég verið svo lánsamur að fá tækifæri til að ræða fjármál við hópa flóttafólks. Hingað kemur fólk með ólíkan bakgrunn en oft frá löndum þar sem fjármálakerfið er talsvert frábrugðið því sem við

**Þrátt fyrir að vera meðvituð um möguleika til lántöku er mun meiri áhugi fyrir að spara og eiga fyrir öllum útgjöldum.**

þekkjum. Réttur launafólks er víða mjög lítill, lífeyriskerfi vart til staðar og gjaldmiðlar ákaflega óstöðugir.

Eðlilega kemur Ísland þeim á óvart. Ég hef tekið eftir mikilli ánægju með formfestuna og öryggið sem tengist réttindum og skyldum, sem og lífeyriskerfið okkar, en það tekur eðlilega sinn tíma að útskýra verðtrygginguna.

Ánægjulegast hefur mér þó þótt að kynnast hvernig margir hverjir haga sínum persónulegu fjármálum. Þrátt fyrir að vera meðvituð um möguleika til lántöku er mun meiri áhugi fyrir að spara og eiga fyrir öllum útgjöldum. Lán eru bara fyrir fasteignakaup. Einn á þrítugsaldri ætlaði að kaupa sér bíl og planið var einfalt. Hann nældi sér í aukavinnu, reyndi að eyða engu í óþarfa og staðgreiddi að lokum ódýran og hagkvæman bíl. Svona hefur mér sýnst meirihluti flóttafólksins hugsa. Best sé að eiga fyrir hlutunum, sparnaður sé gríðarlega mikilvægur og það sé vel þess virði að fórna tímabundnum gæðum fyrir langtímaávinning.

Fjármálalæsi snýst um að þekkja hvernig kerfið virkar en ekki síður hvernig borgar sig að umgangast peninga. Við gætum lært mikið af þeim sem hugsa svona.

# Tækni gæti tekið yfir stóran hluta starfa í fjárfestingabönkum

**Tæknin mun koma í stað starfsfólks hraðar en búist var við. Citigroup gæti sagt upp allt að helmingi þeirra 20 þúsunda sem starfa við upplýsingatækni og rekstur. Deutsche Bank hefur sagt að allt að helmingur starfsmanna gæti þurft að víkja.**

Bandaríska fjármálafyrirtækið Citigroup mun ef að líkum lætur segja upp um helmingi af þeim 20 þúsundum sem starfa við upplýsingatækni og rekstur í fjárfestingabankaarmi fyrirtækisins á næstu fimm árum. Ástæðuna má rekja til þess að tæknin mun koma í stað starfsfólks hraðar en búist var við. Þetta kemur fram í frétt Financial Times.

Þessi spá Jamies Forese, framkvæmdastjóra hjá fjárfestingabankanum, var sú sem gekk hvað lengst á meðal stjórnenda fjárfestingabanka sem Financial Times ræddi við. Næstum tveir fimmtu starfsmanna fjárfestingabankasviðs Citigroup vinna við rekstur bankans. Hann sagði að þau störf væru vel til þess fallin að tölvur tækju við þeim.

Áður hefur þáverandi forstjóri Deutsche Bank, John Cryan, sagt að allt að helmingur af starfsmönnum þýska bankans gæti þurft að víkja fyrir tölvutækninni.

Tim Throsby, forstjóri fjárfestingabankasviðs Barclays, sagði að í framtíðinni myndu færri starfsmenn afla meiri tekna samhliða því að tölvutækni tæki yfir störf sem væru minna virði. „Ef starf þitt felst í að hamra á lyklaborð eru minni líkur á að gæfan verði með þér í framtíðinni,“ sagði hann.



Líklega mun Citigroup segja upp fjölmörgum sem vinna á fjárfestingabankasviði á næstu fimm árum vegna aukinnar tæknivæðingar.

Richard Gnodde, forstjóri Goldman Sachs International, sagði að tæknin hefði tekið yfir fjölmörg verkefni og að þeirri vegferð myndi ekki ljúka í bráð. Það sáu þó ekki allir stjórnendur fjárfestingabanka fram á aukin tækifæri til hagræðingar með bættri tölvutækni. Samir Assaf, framkvæmdastjóri hjá HSBC, sagði að það væri ekki mikið af störfum eftir þar sem tæknin gæti komið í stað bankamanna í fjárfestingabankanum. Frá sjónarhóli áhættustýringar sé ekki hægt að skera mikið meira niður. Mögulega fimm til tíu prósent á næstu fimm árum.

Gnodde áréttaði að tæknin gæti skapað ný viðskiptatækifæri og að lokum ný störf. Hann tók sem dæmi netbanka Goldman Sachs sem sé eingöngu á netinu.

Forese sagði að bankinn myndi ráða starfsfólk á öðrum sviðum eins og í sölu og greiningum. Störf sem fólk innir af hendi muni taka breytingum. **helgivifill@frettabladid.is**


# TIL LEIGU

## FOSSHÁLS – LAGERRÝMI/GEYMSLA

Um 650 fm. iðnaðarými eða lagerrými til leigu .
Stór innkeyrsluhurð með mikilli lofthæð (7 metrar).

**Laust strax!**

Áhugasamir sendi póst á netfangið
**ritari.rvk@gmail.com**



## Fearless CEO needed

Alvican is a young welfare technology company that has garnered international attention.
We seek to solve the aging population crisis with our sensor system that allows elderly people to live safer independent lives in their own homes. We are entering the Icelandic market, but want to expand internationally fast.

We are looking for a CEO that can lead the company through market entry, growth and international expansion. Who can build cooperation with companies, municipalities and distributors.
We offer an attractive package for the right person, including a performance related bonus.

**Qualifications:**

- Great leadership and communication skills
- Drive and ambition to take the company to the top
- International business development skills
- Understanding of market entry strategies, sales channel strategies and distributor agreements
- Familiarity with the welfare sector
- International experience, preferably in the Nordics

**Responsibilities:**

- Strategic management
- Sales and marketing strategies
- Pricing strategy
- Distributor and partnership negotiations
- Market entry strategies
- International business development
- Investor development and relations

Application deadline: 26. june 2018.

**alvican.com**

**Please contact:**

Tel.: +354 492 2000
alvican@alvican.com

ALVICAN
Home Heartbeat

## Skotsilfur

### Líkurnar með Rannveigu



Það kemur brátt í ljós hver verður skipaður í embætti aðstoðarseðlabankastjóra en skipunartími Arnórs Sighvatssonar rennur út 1. júlí. Talið er að valið standi einkum á milli Jóns Þ. Sigurgeirssonar, framkvæmdastjóra alþjóðasamskipta Seðlabankans, og **Rannveigar Sigurðardóttur**, aðstoðarframkvæmdastjóra hagfræði- og peningastefnusviðs bankans, en þau voru bæði metin í hópi hæfustu umsækjenda. Að sögn kunnugra eru allar líkur á því að Katrín Jakobsdóttir nýti tækifærið til að ráða konu í þetta valdamikla starf og skipi því Rannveigu. Hún hefur starfað lengi innan bankans og er sögð sá starfsmaður sem kvartaði á dögunum yfir nektarmálverkum sem prýða veggi bankans.

### Ólafur til EFTA



**Ólafur Jóhannes Einarsson** hefur verið skipaður ritari EFTA-dómstólsins í Lúxemborg. Mun hann taka við starfinu af Gunnari Selvik þann 1. september næstkomandi. Ritari EFTA-dómstólsins stýrir meðal annars daglegum rekstri dómstólsins. Ólafur Jóhannes gekk til liðs við lögmannsstofuna BBA Legal síðasta haust en helstu sérsvið hans þar eru EES-réttur, stjórnsýsluréttur og samkeppnisréttur. Hefur hann haft aðsetur í Brussel í Belgíu. Áður var hann framkvæmdastjóri innra markaðssviðs ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, en hann starfaði í meira en áratug hjá stofnuninni á ýmsum sviðum EES-réttar.

### Selji eignir og kaupi eigin bréf



Margir klóra sér í hausnum yfir verðlagningu hlutabréfa Heimavalla en gengið stóð í 1,21 krónu á hlut við lokun markaða í gær. Það er 13 prósentum lægra en útboðsgengi bréfanna í síðasta mánuði. Til samanburðar hefur verið bent á að verð hvers hlutar miðað við fasteignamat næsta árs sé umtalsvert hærra eða í kringum 2,1 krónu. Það er því ekki nema von að fjárfestar spyrji sig af hverju í ósköpunum félagið, en framkvæmdastjóri þess er **Guðbrandur Sigurðsson**, sé ekki farið að selja eignir og kaupa eigin bréf.

## G7 í uppnámi eftir leiðtogafund




Bresku aðgerðasinnarnir í Oxfam-samtökunum settu upp kunnuglegar grímur á meðan fundur G7-ríkjanna svonefndu stóð yfir í Kanada um helgina. Fundarins verður minnst fyrir spennuna sem ríkti á milli Donalds Trump Bandaríkjaforseta og leiðtoga hinna ríkjanna en Trump hleypti öllu í bál og brand í lok fundarins með því að neita að leggja nafn sitt við sameiginlega yfirlýsingu ríkjanna og hóta frekari tollum á innfluttar vörur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Heimatilbúinn vandi



**Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Það eru blikur á lofti í íslensku efnahagslífi. Reglulega berast fréttir af fyrirtækjum sem loka starfsemi hér á landi og segja upp starfsfólki, telja hagkvæmara að skipta við fyrirtæki sem framleiða erlendis þar sem laun eru lægri. Þetta er ein birtingarmynd þess hvernig samkeppnishæfni Íslands er um þessar mundir þar sem hátt raungengi og staðan á vinnumarkaði reynir verulega á rekstur fyrirtækja umfram það sem eðlilegt getur talist. Hápunkti hagsveiflunnar er náð og verkefnið fram undan er að sjá til þess að lendingin verði ekki harkaleg þótt sú hafi yfirleitt verið raunin. Sá árangur sem náðist við efnahagslega endurreisn Íslands á síðustu árum veitir visst skjól, enda er hagkerfið mun heilbrigðara en það var á sínum tíma, skuldir minni og greiðslujöfnuður stöðugri. Stöðugleiki hefur þó ekki loðað við Ísland í gegnum tíðina. Óstöðugleiki hefur ríkt á sviði efnahagsmála og stjórnmála undanfarin ár og tíðar breytingar í laga- og reglugerðarumhverfi draga úr fjárfestingu og uppbyggingu efnahagslífsins. Kemur óstöðugleikinn niður á verðmætasköpun og framleiðni í íslensku efnahagslífi. Smám saman drögumst við aftur úr í samkeppni þjóða.

Peningastefna, vinnumarkaður og opinber fjármál eiga að ganga í takt. Sú hefur ekki verið raunin og í nýlegri skýrslu um ramma peningastefnunnar segir að þjóðin hafi búið við óstöðugleika í peningamálum vegna þess að leikreglum hafi ekki verið fylgt. Umbætur á þessu sviði sem og öðrum verða eingöngu með pólitísku eignarhaldi og vinnur tíminn ekki með stjórnvöldum í þeim efnum. Þau sem ráða verða að segja hvað þau vilja og hrinda því svo í framkvæmd. Tilraunir til að koma skipulagi á vinnumarkaðinn undanfarin ár hafa heldur ekki gengið eftir. Niðurstaðan af þessu er sú að við töpum öll.

Landsins gæði skapa Íslandi sérstöðu sem landsmenn hafa nýtt til verðmætasköpunar, til skemmri og til lengri tíma. Í tímans rás hefur öflugur iðnaður byggst upp á þessum grunni en ekki síður á grunni hinna miklu auðlinda hugvits sem hér eru og virkja má – og á – í meira mæli. Þar liggja mestu tækifæri Íslands á 21. öldinni. Hér er athafnasamt fólk sem býr yfir sköpunarkrafti, frumkvæði og þrautseigju og hefur í gegnum tíðina skapað mikil verðmæti úr hugmyndum sínum. Hlutverk ríkisins í þessari mynd er ekki síst að skapa umgjörð sem hvetur landsmenn til dáða og auðveldar þeim að nýta hæfileika sína til verðmætasköpunar.

Aukna verðmætasköpun þarf til að standa undir raunverulegri lífskjarabót. Launahækkanir verða að eiga sér innistæðu og sú innistæða birtist í aukinni framleiðni. Nýleg rannsókn á vegum Alþjóðabankans leiðir í ljós að þeir fjórir þættir sem mest áhrif hafa á breytileika í framleiðni á milli landa eru menntun, efnislegir innviðir, nýsköpun, skilvirkni markaða og stofnanainnviðir. Þetta undirstrikar mikilvægi þeirra málefna sem Samtök iðnaðarins leggja áherslu á, menntun, innviði, nýsköpun og starfsumhverfi fyrirtækja. Með umbótum í þessum fjórum málaflokkum eflist samkeppnishæfni Íslands og verðmætasköpun eykst með tilheyrandi aukningu á lífsgæðum landsmanna.

**Þau sem ráða verða að segja hvað þau vilja og hrinda því svo í framkvæmd.**

Ein forsenda bættrar samkeppnishæfni er að starfsumhverfi sé stöðugt, skilvirkt og hagkvæmt. Aukinn og víðtækur stöðugleiki er ekki bara til hagsbóta fyrir fyrirtæki heldur allt íslenskt samfélag. Undanfarin ár hafa ytri skilyrði verið hagfelld en því má ekki treysta til framtíðar litið. Háir skattar, há laun og háir vextir í alþjóðlegu samhengi vinna þó á móti auk þess sem lengra er gengið í innleiðingu EES reglugerða en þörf krefur. Það jákvæða í stöðunni er þó það að þetta er heimatilbúinn vandi sem stjórnvöld hafa öll tækifæri til að vinna á og efla þar með samkeppnishæfni Íslands.

# Ísland verði leiðandi í jafnrétti



**Guðrún Ragnarsdóttir**
talskona Jafnvægisvogarinnar og FKA-félagskona

Við Íslendingar erum af flestum talin leiðandi í heiminum í jafnrétti kynjanna en við eigum samt ennþá langt í land til þess að ná fullkomnu jafnrétti.

Hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja stendur í stað á milli ára. Lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja sem ná til fyrirtækja með 50 starfsmenn eða fleiri hafa ekki veitt konum aukin völd innan stjórna og framkvæmdastjórna. Vonir stóðu til þess að um leið og konum fjölgaði í stjórnum myndi þeim einnig fjölga í framkvæmdastjórnum og öðrum stjórnendastöðum. Það hefur ekki gengið eftir.

Til þess að takast á við þetta flókna verkefni hefur FKA, ásamt velferðarráðuneytinu, Sjóvá, Deloitte, Pipar/TBWA og Morgunblaðinu, hleypt af stokkunum hreyfiaflsverkefninu Jafnvægisvoginni. Markmiðið með verkefninu er að kynjahlutfall í framkvæmdastjórnum fyrirtækja verði 40/60 árið 2027. Það er metnaðarfullt, en raunhæft. Jafnrétti gerist ekki af sjálfu sér, það þarf að hafa fyrir því. Fyrirtæki þurfa að vera virkilega tilbúin í þessa vegferð til að ná þessu markmiði.

Tilgangur verkefnisins er að auka á jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi. Þessu viljum við ná fram með því að virkja íslenskt viðskiptalíf til að verða að fyrirmynd jafnréttis fyrir aðrar þjóðir. Meðal þess sem við notum til að hvetja fyrirtækin til dáða er að veita viðurkenningar og draga fram í sviðsljósið fyrirtæki sem hafa náð markmiðum Jafnvægisvogarinnar. Við munum í framtíðinni standa fyrir viðburðum og fræðslu og vekja samfélagið til umhugsunar um virði fjölbreytileika og jafnvægis.

Fyrsta verkefni Jafnvægisvogarinnar er að taka saman heildræna stöðu stjórnenda í íslensku atvinnulífi og birta niðurstöðurnar. Að því búnu er mögulegt að kortleggja aðgerðir. Við viljum hvetja stjórnendur fyrirtækja á Íslandi til þess að skrifa undir viljayfirlýsingu um að hefja þessa vegferð með okkur og vinna að jöfnum tækifærum kynjanna. Takið frá 31. október því þá verður ráðstefna þar sem niðurstöður verða kynntar og fyrirmyndarfyrirtæki kynna aðgerðir.

14. JÚN OG 15. JÚN



JAN VOGLER
VANESSA PEREZ
MIRA WANG

# BILL MURRAY

## NEW WORLDS

ÓGLEYMANLEG KVÖLDSTUND MEÐ STÓRLEIKARANUM BILL MURRAY OG KLASSÍSKUM HLJÓÐFÆRALEIKURUM

Í REYKJAVÍK

1.-17. JÚN

2018

# LISTAHÁTÍÐ

LISTAHÁTÍÐ.IS

KYNNTU ÞÉR FJÖLBREYTTA OG GLÆSILEGA DAGSKRÁ Á VEF LISTAHÁTÍÐAR Í REYKJAVÍK

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 13. júní 2018

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Skulda eða borga?

**Nýr meirihluti** var myndaður í Reykjavík í gær. Raunar er hann ekki svo nýr heldur frekar framhald af fráfarandi meirihluta þar sem Bjartri framtíð hefur verið skipt út fyrir Viðreisn.

**Ljóst er** að meirihlutinn á stórt verk fyrir höndum við að ná stjórn á fjármálum borgarinnar. Þar var gott að sjá í málefnasamningi áherslu á að fækka nefndum og ráðum á vegum borgarinnar. Ekki veitir af enda starfa 12% vinnandi Reykvíkinga hjá borginni.

**Auðvitað** gengur slíkt ekki upp, sérstaklega þegar litið er til þess að sambærilegt hlutfall í smærri nágrannasveitarfélögum er 10 til 11%. Reykjavík nýtur því nákvæmlega engrar stærðarhagkvæmni þegar kemur að yfirbyggingu eins og ætti að vera raunin, heldur þvert á móti.

**Annað** úr málefnasamningnum er lýtur að fjármálum og rekstri er heldur þunnur þrettándi. Halda á útsvari í lögbundnu hámarki á kjörtímabilinu. Slíkt hlýtur að vera vonbrigði eftir fordæmalausa tekjuaukningu borgarsjóðs síðustu ár. Ekkert er heldur minnst á löngu tímabæra lækkun þjónustugjalda Orkuveitunnar. Allt lítur því út fyrir að vinda eigi tekjutuskuna áfram til fulls á öllum vígstöðvum.

**Einnig er** tekið fram að greiða eigi niður skuldir „meðan efnahagsástandið er gott“. Nú verður að segjast að sporin hræða hvað þennan meirihluta varðar. Að minnsta kosti tókst þeim að safna skuldum á síðasta kjörtímabili þrátt fyrir að tekjur borgarsjóðs hafi vaxið um þriðjung á kjörtímabilinu.

**Loks segir** að tryggja eigi svigrúm til fjármögnunar borgarlínu og félagslegs húsnæðis. Ekki er gott að segja hvernig á að fara að því, en tap er af venjubundnum rekstri borgarsjóðs og því ljóst að sjálfsaflafé mun að óbreyttu ekki nægja til að fjármagna þessi verkefni. Því hlýtur þetta að vera fyrirboði um frekari skuldsetningu.

**Nýi meirihlutinn** boðar því bæði niðurgreiðslu skulda og aukna skuldsetningu í einu og sama plagginu. Það gefur varla fyrirheit um skýra sýn á fjármálin.

# B5 hagnast um 41 milljón króna

Hagnaður skemmtistaðarins B5 við Bankastræti dróst saman um fjórðung á milli ára og nam 41 milljón króna árið 2017. Tekjur félagsins, Bankastræti 5 ehf., drógust saman um þrjú prósent á milli ára og voru 266 milljónir í fyrra. Skemmtistaðurinn greiddi 50 milljónir króna í arð en ellefu milljónir árið áður. B5 er í eigu Kráarfélagsins sem aftur er í eigu Andra Sigþórssonar, fyrrverandi knattspyrnumanns, og Þórðar Ágústssonar framkvæmdastjóra. Arðsemi eiginfjár nam 81 prósenti og eigið fé var 46 milljónir króna í árslok. Eiginfjárhlutfallið var 70%. B5 skuldar ekki lánastofnunum. – **hvj**



**Andri Sigþórsson.**

07.06.2018

**Ég ætla að hvetja þingmanninn til að halda áfram að spyrja og lesa vegna þess að hann veit greinilega bara ekki nokkurn skapaðan hlut um þessi mál.**



Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra








FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM
SHREK
Draumur
CHARMING
KOMIN Í BÍÓ
Trópí
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
BORGARBÍÓ
sena

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Hæg breytileg átt og skúrir í dag en yfirleitt þurrt suðaustanlands. Þykknar upp um norðanvert landið og fer að rigna á Austfjörðum í kvöld.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 2° | 4° |
| ↘ 7 | ↙ 10 | ↘ 6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 5° | 12° | 3° |
| ↓ 7 | ↓ 9 | ↓ 7 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 2° | 3° |
| ← 7 | ← 9 | ↙ 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 5° | 4° |
| ↓ 6 | ← 7 | ↑ 4 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 3 | 1 | |
| | 9 | | | | | | | 4 |
| | 4 | 1 | 5 | 9 | | | 2 | 8 |
| | | | 8 | 1 | | 6 | | |
| | | | | 6 | 2 | | | |
| | | 2 | | | 4 | | 3 | |
| | 7 | 6 | | 8 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | | 5 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 9 | 5 | | | |
| | | | 2 | | | | 8 | 3 |
| | | 5 | | | | | | 6 |
| 5 | | 4 | 6 | 2 | | | | |
| | | 3 | 4 | | | 2 | | |
| 9 | 1 | | | 7 | | | 4 | |
| 1 | | | 8 | 6 | | | 2 | |
| 2 | | 8 | | | | | | |
| | 9 | | | | | 8 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 9 | | | | 7 | |
| 5 | 9 | | | | 7 | 2 | 4 | |
| 2 | | | | | | 5 | | 1 |
| | | | 2 | | 3 | | 1 | 5 |
| | | 8 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 6 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| | | 1 | 5 | 9 | | 6 | | |
| 4 | | 3 | | | 8 | 7 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 6 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 |
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 9 | 1 | 2 | 6 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 8 | 3 | 5 | 7 | 9 | 6 | 4 | 2 | 1 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 3 | 8 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 2 | 5 | 4 | 3 | 6 | 7 | 1 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 4 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 6 | 7 | 5 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 2 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 2 | 6 | 8 | 7 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 |
| 8 | 5 | 4 | 3 | 9 | 6 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 |
| 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. bryðja
5. eyrir
6. tveir eins
8. myndamót
10. samtök
11. samstæða
12. viðskipti
13. skekin mjólk
15. eldsneyti
17. skrapa

**LÓÐRÉTT**
1. refsimál
2. gusta
3. kk nafn
4. skrá
7. borðflaska
9. spyrna
12. málmur
14. ögn
16. úr hófi




**LÁRÉTT:** 1. skass, 5. aur, 6. kk, 8. klisja, 10. aa, 11. par, 12. sala, 13. áfir, 15. linkol, 17. skafa.
**LÓÐRÉTT:** 1. sakamál, 2. kula, 3. ari, 4. skjal, 7. karafla, 9. sparka, 12. sink, 14. fis, 16. of.

## Skák Gunnar Björnsson

Benedikt Briem (1.624) átti leik gegn Eiríki Björnssyni (1.959) á Íslandsmótinu í skák.



**Svartur á leik**
**19. ... e5!** (19. ... g5! vinnur líka). **20. Bd5+ Kh8 21. Bxe5 Hd8 22. Hxc4 Hxd5+** og svartur vann skömmu síðar. Benedikt fékk verðlaun fyrir bestan árangur miðað við eigin skákstig.
**www.skak.is:** Atskák í Belgíu.









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



JÚNÍ | 2018




# Bíllinn yfirfarinn og allir öruggir!

## Láttu skoða bílinn í réttum mánuði hjá Frumherja

Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Söluskoðun · Hópbílar · Farprófari

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS PJ 19 2019 846

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




**Það er góð tilfinning að vera á nýskoðuðum bíl frá Frumherja!**

Frumherji
www.frumherji.is

# Setur hefðina í nútímasamhengi

## Tónskáldið Abraham Brody kemur fram í Klúbbi Listahátíðar. Vinnur með forn litháísk stef. Íhugar að flytja til Íslands.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Litháísk-bandaríska tónskáldið og hljóðfæraleikarinn Abraham Brody kemur fram í Klúbbi Listahátíðar, Tryggvagötu 17, í kvöld miðvikudagskvöld. Í tónlist hans mætir nútíminn hefðinni en listamaðurinn fléttar forn litháísk stef inn í tónsmíðar sínar og notast við margslungnar lúppur, rödd, fiðlu, píanó og önnur hljóðfæri. Ásta María Kjartansdóttir verður gestur á tónleikunum og spilar á selló.

Brody ólst upp í Bandaríkjunum en móðir hans er frá Litháen. „Ég ólst upp í Bandaríkjunum án þess að þekkja litháíska menningu og þessi tónlist var ekki í umhverfi mínu. Þegar skorið er á rætur fólks fer það seinna meir að leita þeirra,“ segir Brody. „Sautján ára gamall fór ég til Austurríkis í tónlistarnám og eftir það bjó ég sex ár í London og á þeim tíma fór ég fyrst til Litháen. Mér leið strax eins og ég hefði komið þangað áður og þar kynntist ég tónlistarmenningu landsins. Þegar ég heyrði þessi fornu litháísku stef fyrst sungin varð ég hugfanginn og byrjaði að vefa þau inn í tónlist mína. Í fyrstu var þetta leið til að nálgast rætur mínar en þetta er líka mín aðferð við að skapa tónlist sem hefur áhrif á áheyrendur. Það er mikill kraftur í þessari tónlist, melódían er falleg og þunglyndisleg, og áheyrendur heillast af henni.

> **ÞEGAR ÉG HEYRÐI ÞESSI FORNU LITHÁÍSKU STEF FYRST SUNGIN VARÐ ÉG HUGFANGINN OG BYRJAÐI AÐ VEFA ÞAU INN Í TÓNLIST MÍNA.**

Ég flutti til Litháen fyrir nokkrum árum en ferðast mikið. Að sumu leyti finnst mér ég vera meiri Lithái en Bandaríkjamaður. Fjölskylda mín býr í Bandaríkjunum og er mér mjög kær, en þegar kemur að því að skilgreina sjálfan sig þá er ég 70 prósent litháískur. Smáhluti af mér er svo tengdur Íslandi, mér þykir vænt um þetta land.“

Blaðamaður hefur orð á því að Íslendingar hafi sterkar taugar til Litháen. „Það er gagnkvæmt, segir Brody. „Hugarfarið í þessum löndum er svipað, þar er falleg depurð áberandi. Bæði Íslendingar og Litháar eiga í sterku samband við náttúruna



**„Ísland er suðupottur sköpunar,“ segir Abraham Brody.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN

# Mögnuð ný ópera Daníels Bjarnasonar

**TÓNLIST**

**Brothers**
★★★★★
**Eldborg í Hörpu**
laugardaginn 9. júní

**Daníel Bjarnason:** Brothers. Libretto eftir Kerstin Perski.
**Leikstjórn:** Kasper Holten.
**Meðleikstjóri:** Amy Lane.
**Leikmynd og búningar:** Steffen Arfing.
**Ljósahönnuður:** Ellen Ruge.
**Myndbandshönnuður:** Signe Krogh.
**Einsöngvarar:** Oddur Arnþór Jónsson, Elmar Gilbertsson, James Laing, Marie Arnet, Þóra Einarsdóttir, Jakob Cristian Zethner, Paul Carey Jones, Hanna Dóra Sturludóttir og Selma Buch Ørum Villumesen. Kór Íslensku óperunnar undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar. Sinfóníuhljómsveit Íslands.
**Stjórnandi:** Daníel Bjarnason.

Fyrir rúmum fimmtán árum kom staðnað verkefnaval Íslensku óperunnar til tals í fjölmiðlum. Einhver stakk upp á að Óperan ætti að skapa sér sérstöðu með því að einbeita sér að nýbreytni í óperuuppfærslum, með áherslu á íslenskar samtímaóperur. Bjarni Daníelsson, þáverandi óperustjóri, svaraði að lítil gróska væri í ritun íslenskra ópera. Kassastykkin nytu aftur á móti hylli almennings og því þyrfti að leggja áherslu á þau. Breytt stefna yrði líklegast „skjótvirkur dauðadómur yfir Íslensku óperunni“.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þessi orð voru rituð. Rómantísk ópera Gunnars Þórðarsonar, sem sett var upp fyrir um fimm árum, féll heldur betur í kramið hjá áheyrendum. Á laugardagskvöldið í Eldborginni í Hörpu var svo komið að syni Bjarna óperustjóra, Daníel, að sýna Íslendingum hvað hægt er að gera á þessum vettvangi. Þar var óperan hans, Brothers, sýnd, en um var að ræða samstarfsverkefni Íslensku óperunnar og Den Jyske Opera, sýnt á Listahátíð í Reykjavík.

Daníel uppskar ekki minni fagnaðarlæti en Gunnar. Tónmál hans var þó allt öðru vísi, myrkara og ómstríðara, en ekki þannig að það væri leiðinlegt. Þvert á móti undirstrikaði tónlistin ætíð hvað var að gerast í sögunni og magnaði hana upp. Hún gerði hana svo áþreifanlega að það var eins og maður væri sjálfur þátttakandi í atburðarásinni.

Tónlistin tók stöðugum breytingum, en samt var heildarsvipurinn sterkur, með undirliggjandi hljómum sem sköpuðu mikla stemningu.



**„... hvergi dauður punktur. Hver einasti einsöngvari stóð sig með prýði, bæði í leik og söng,“ segir í dómnum.** MYND/ÍSLENSKA ÓPERAN

Breiddin og hröð framvindan var einkar spennandi. Það var allt frá fábrotnum, nöktum píanóhendingum og áleitnum slagverkstakti upp í þéttofinn og glæsilegan tónavef kórs, einsöngvara og hljómsveitar.

Brothers fjallar um tvo bræður, Michael og Jamie. Michael fer í stríð ásamt vini sínum, Peter, en Jamie, sem er hálfgerður auðnuleysingi, situr eftir heima. Félagarnir eru teknir höndum og í fangaklefanum síðar er Michael neyddur til að myrða Peter. Þegar hann sleppur úr prísundinni og kemur heim er hann eyðilagður maður.

Leikstjórn Kaspers Holten var kröftug, þar var hvergi dauður punktur. Hver einasti einsöngvari stóð sig með prýði, bæði í leik og söng. Oddur Arnþór Jónsson var frábær, hann náði að túlka sálarumbrot Michaels af áhrifamiklu listfengi. Sömu sögu er að segja um Elmar Gilbertsson í hlutverki Jamies. Aðrir einsöngvarar, þau James Laing, Marie Arnet, Þóra Einarsdóttir, Jakob Cristian Zethner, Paul Carey Jones og Hanna Dóra Sturludóttir, voru öll stórglæsileg. Lítil stúlka, Selma Buch

**ÉG ER AÐ FARA Í NÝJAR ÁTTIR MEÐ TÓNLIST MÍNA, KANNSKI TIL AÐ HRISTA AÐEINS UPP Í ÞESSARI ÍHALDSSEMI. Í SUMAR VINN ÉG TÓNLISTARMYNDBAND ÞAR SEM MEÐAL ANNARS ER KOMIÐ INN Á STÖÐU KVENNA OG HLUTSKIPTI SAMKYNHNEIGÐRA OG TRANSFÓLKS.**

**Vill hrista upp í íhaldsseminni**

Spurður um hvernig viðtökur verk hans fá segir Brody: „Viðtökur fara eftir áheyrendum. Á tónleikaferð í Bandaríkjunum var ég með hópi litháískra kvenna sem sungu þessi fornu litháísku stef og fólk varð yfir sig hrifið, hafði aldrei hlustað á neitt sem líktist þessu. Í Litháen eru viðtökur á báða vegu. Sumir eru mjög hrifnir, aðrir ekki. Ég set þjóðhefðina í nútímasamhengi og það líkar ekki öllum.

Það eru ákveðnir þættir í litháísku samfélagi sem ég heillast af eins og tónlistarhefðin en Litháar geta líka verið ákaflega íhaldssamir. Ég er að fara í nýjar áttir með tónlist mína, kannski til að hrista aðeins upp í þessari íhaldssemi. Í sumar vinn ég tónlistarmyndband þar sem meðal annars er komið inn á stöðu kvenna og hlutskipti samkynhneigðra og transfólks.“

**Íhugar að flytja til Íslands**

Brody er svo heillaður af Íslandi að hann íhugar jafnvel að flytja til Íslands. „Þetta hljómar örugglega eins og klisja en íslensk náttúra er stórbrotin og hlýtur að veita listamönnum innblástur. Hér er svo mikið af skapandi og hugmyndaríku fólki. Ísland er suðupottur sköpunar. Íslendingar eru ekki afturhaldssamir og eru óhræddir við að gera alls konar tilraunir. Hér gæti ég lært margt og sogað í mig áhrif,“ segir Brody.

## Listamaður sem vekur athygli

**Abraham Brody (fæddur 1991) hefur meðal annars unnið með hinni virtu gjörningalistakonu Marinu Abramovic. Hann hefur komið fram víða um heim og var nýlega staðarlistamaður í Barbican Centre í London og hjá National Sawdust í New York.**
**Meðal annarra hápunkta á ferli hans má nefna tónleikaferð um Eystrasaltslöndin fyrr á þessu ári, en þar kom hann meðal annars fram í Great Amber Hall í Liepaja. Hann hélt sína fyrstu tónleika í Kennedy Center í Washington D.C. og var á tónleikaferð með buryat-síberíska þjóðlagatónlistarmanninum Alexander Arkhincheev.**
**Fram undan er frumflutningur á verkum hans með hljómsveit í New York í október og hann kemur fram á EFG London Jazz Festival í Village Underground í nóvember.**

og bæði löndin eru lítil og tungumál þeirra er einstakt. Þið voruð undir Dönum, við vorum undir Rússum sem vildu gleypa okkur. Í þessari viku er einmitt Íslandsvika í Litháen, Litháar elska Ísland því þið voruð fyrst til að viðurkenna sjálfstæði landsins.“

**Snobb í klassíkinni**

Í flutningi sínum leggur Brody mikið upp úr því að ná sambandi við áheyrendur. „Á klassískum tónleikum situr fólk alvarlegt og kyrrt, mér leiðist það,“ segir hann. „Ég lærði klassíska tónlist í Vín, þar sem allt er einstaklega íhaldssamt, og ég hætti í miðjum klíðum því ég þoldi það ekki og lauk náminu í London, þar ríkti líka ákveðin íhaldssemi en samt ekki jafnmikil og í Austurríki. Það er of mikið menningarlegt snobb í kringum klassíska tónlist, sérstaklega í Bandaríkjunum. Þar er klassísk tónlist einungis ætluð elítunni og miðaverð er of hátt. Ég hef lagt mig eftir því að ná til áheyrenda og vil gera þá virka í upplifuninni. Tónleikar mínir geta einkennst af tilraunatónlist, innsetningum og vídeó. Á tónleikunum í kvöld í Klúbbi Listahátíðar nota ég til dæmis vídeó. Verkin eru bæði nýleg og eldri. Ég er spenntur að kynna nýrri verk mín fyrir íslenskum áheyrendum. Nýrri verk mín eru um persónulegt líf mitt og minnar kynslóðar og tengjast ekki þjóðfræði eins og eldri verkin.“

Ørum Villumesen, var líka einstök, hafði í senn sviðssjarma og fallega rödd.

Kór Íslensku óperunnar var sérlega góður, samsöngurinn var þéttur, tær og fókuseraður. Hlutverk kórsins var óvanalega stórt miðað við það sem gengur og gerist í óperum. Finna má hliðstæðu við gríska harmleiki; kórinn, rétt eins og þar, lýsti atburðarásinni og hugleiddi hana, auk þess sem hann brá sér í ólík hlutverk og var hluti af einfaldri, en sterkri sviðsmyndinni.

Sviðsmyndin var augnayndi; stundum logandi eldur sem varpað var yfir allt sviðið, stundum skuggar, stundum skjátexti, rétt eins og í þöglu myndunum. Hún studdi við söguna í hvívetna.

Loks ber að hrósa Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir fagmannlega spilamennsku undir öruggri og nákvæmri stjórn tónskáldsins sjálfs. Daníel er reyndur hljómsveitarstjóri og hann þekkir möguleika hljómsveitarinnar út í ystu æsar. Það heyrðist á því hve hljómsveitarröddunin í óperunni, þ.e. raddsetningin, var fjölbreytt, með alls konar litbrigðum og samsetningum sem unaður var á að hlýða. Þetta var snilld. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Áhrifamikil nútímaópera, stórglæsilegur söngur.



# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 13. JÚNÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Bergur Einar & Tumi Árnason
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Í kvöld efna og blása tónlistarmennirnir Bergur Einar og Tumi Árnason til tónleika í Mengi. Á tónleikunum ætla þeir að spila tónlist sem gaman verður að heyra hvernig hljómar.

**Hvað?** Crossings – Abraham Brody á Listahátíð í Reykjavík
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Í heimi nútímans eru fjarlægðir og tungumál ekki lengur fyrirstaða samskipta. Við búum jafnvel í fleiri en einu landi og sjálfsmynd okkar er ekki endilega bundin við ákveðna menningu eða þjóðerni. Litháísk-bandaríska tónskáldið, hljóðfæraleikarinn og listamaðurinn Abraham Brody býður upp á tónleika þar sem hann kafar djúpt í marglaga sjálfsmynd nútímalistamannsins í hnattvæddum heimi.

### Viðburðir

**Hvað?** Vöruhönnuðir frá LHÍ fjalla um framtíðina í Norræna húsinu
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
Þarna getið þið hitt fyrir vöruhönnuði frá hönnunar- og arkitektúrdeild LHÍ sem segja frá og varpa ljósi á umfjöllunarefni sín. Þetta eru Garðar Eyjólfsson og Thomas Pausz, fagstjórar meistaranáms í hönnun, svo og útskrifaðir og núverandi nemendur á námsbraut í vöruhönnun; Sigrún Thorlacius, Auður Inez Sellgren og Inga Kristín Guðlaugsdóttir.

**Hvað?** Improv Iceland – Comedy in English
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Improv Ísland býður upp á fjölbreyttar og ófyrirsjáanlegar grínspunasýningar í Tjarnarbíói á miðvikudögum í sumar. Hver sýning er einstök og ekkert er endurtekið. Í hverri viku er því ný og spennandi sýning á sviði í hverri viku. Í hópnum eru rúmlega tuttugu spunaleikarar sem skiptast á að sýna í hverri viku. Sýningarnar fara fram á ensku.

**Hvað?** Hannað fyrir framtíðina – Málþing með Ville Kokkonen
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
Málþing um nýjungar og stefnur í innanhúshönnun séðar frá sjónarhorni hönnuða og hönnunarkennslu. Heiðursgestur málþingsins er finnski iðnhönnuðurinn Ville Kokkonen (1975) sem á að baki glæstan feril við hönnun og hefur starfað með leiðandi norrænum vörumerkjum á við Artek, Nokia, Iittala og Ups. Ville starfar sem prófessor í hönnun við Aalto University, School of Arts Design and Architecture í Helsinki.


Bræðurnir Halldór og Úlfur Eldjárn eru heilarnir bak við verkið Reykjavík GPS.

**Hvað?** Blesugróf – leikverk í óhefðbundnu rými
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Blesugróf
Þrjú leikskáld, Kolfinna Nikulásdóttir, Mikael Torfason og Soffía Bjarnadóttir, bjóða áhorfendum í spennandi ferðalag um eitt merkilegasta hverfi Reykjavíkur, Blesugróf. Hverfið var byggt upp af efnalitlu fólki í lok stríðsáranna þegar fólk víðsvegar að af landinu flykktist á mölina en Blesugróf var lengi utan formlegs borgarskipulags. Þótt gamla hverfismyndin hafi að mestu vikið fyrir nútímanum eimir enn eftir af upprunanum.

**Hvað?** Vínsmökkun / Wine tasting
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Jörgensen, Laugavegi
Sérlegur sérfræðingur í víni mun kíkja í heimsókn til okkar á Jörgensen Kitchen & Bar þann 13. júní næstkomandi og mun deila visku sinni um vínheiminn ásamt því að bjóða upp á smakk á mismunandi víntegundum. Vínsmakkið mun eiga sér stað kl. 18.00 og er tilvalin viðbót inn í notalegt kvöld fyrir pör eða hóp af vinum. Verð á þátttöku er aðeins 3.900 kr. á mann.

**Hvað?** Comedy Is a Safe Space
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Þjóðleikhúsið
Glens og grín í Þjóðleikhúskjallaranum með Rebeccu Scott Lord, Lóu Björk Björnsdóttur og Sölku Gullbrá Þórarinsdóttur. Hringborðsumræða eftir á.

**Hvað?** Reykjavík GPS
**Hvenær?** Allan daginn
**Hvar?** Miðborgin
Tónverkið Reykjavík GPS er óður til miðborgarinnar í Reykjavík í fortíð, nútíð og framtíð. Tónlistin er tengd við ákveðin GPS-hnit í miðbænum þannig að þú heyrir hana breytast á rölti þínu um bæinn. Hver og einn velur sér þannig leið í gegnum verkið og upplifir það og borgina á sinn hátt. Tónverkið er eins og falið landslag, ósýnileg borg í borginni, sem bíður þess að vera könnuð. Til að njóta tónverksins þarf snjallsíma, góð heyrnartól og skó. Frá 4. júní er verkið opið og öllum aðgengilegt á rvkgps.com.


Verkfæri í miklu úrvali




Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



TVÆR NÝJUNGAR
RENAULT KANGOO

RENAULT
Passion for life

Renault atvinnubílar hafa slegið í gegn með hagstæðu verði og ríkulegum búnaði.
Nú bjóðum við tvær spennandi nýjungar á þessum vinsæla sendibíl.
Kangoo með dísilvél og **sjálfskiptingu** og Kangoo EV með stærri rafhlöðu.

www.renault.is




RENAULT KANGOO
DÍSIL, 1,5 L, 90 HESTÖFL.
NÚ Í FYRSTA SINN **SJÁLFSKIPTUR**
Verð: **2.379.000** kr. án vsk.
2.950.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 5,0 l/100 km*

100% RAFMAGN
RENAULT KANGOO RAFBÍLL
NÝ STÆRRI RAFHLAÐA - 33 KWH
UPPGEFIN DRÆGNI 270 KM**
Verð: **3.750.000** kr.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri / **Samkvæmt uppgefnum tölum framleiðanda um drægni við bestu mögulegu aðstæður (NEDC).

ENNEMM / SÍA / NM85918

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is


frettabladid.is fer með þér á HM!
frettabladid.is mun færa landsmönnum fréttir daglega frá HM í Rússlandi.
Fréttir og beinar textalýsingar
Stemningin í máli og myndum
Viðtöl og margt fleira!
FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttir
Markaðurinn
Sport
Lífið
Skoðun
Glamour
HM 2018 í Rússlandi
Jóhann Berg á æfingunni í dag. Fréttablaðið/Eyþór
Jóhann Berg Guðmundsson segir íslenska HM-hópinn ekki hafa yfir neinu að kvarta í Rússlandi.
„Þetta er mjög fínt. Hótelið gott og ekkert til að kvarta undan," sagði Jóhann Berg fyrir æfingu íslenska landsliðsins í Kabardinka í dag.
Nokkuð vindasamt er í Kabardinka í dag. Jóhann Berg segir að íslensku landsliðsmennirnir kippi sér lítið upp við það, enda séð það svartara.
„Við erum vanir þessu. Þetta er bara flott. Við kvörtum ekki yfir smá vindi," sagði Jóhann Berg sem segir að íslensku landsliðsmennirnir drepi tímann á hótelinu m.a. í leikherberginu. „Við erum með borðtennis- og billjardborð og stóran skjá þar sem við getum séð myndir. Það er fullt sem við getum gert."
Það styttist óðum í leikinn gegn Argentínu, fyrsta leik Íslands á HM frá upphafi. Jóhann Berg segir að íslensku leikmennirnir
Allir flokkar
SPORT
HM 2018 í Rússlandi
„Spennustigið magnast með hverjum degi"
Alfreð Finnbogason er vongóður um að byrja gegn Argentínu í Moskvu. Hann segist eiga erfitt með að stjórna spennustiginu en aðstæðurnar í Rússlandi séu til fyrirmyndar.
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook
FRÉTTABLAÐIÐ.IS

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Lína langsokkur**
**07.45 Strákarnir**
**08.10 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Grand Designs**
**11.05 Spurningabomban**
**11.55 The Good Doctor**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Project Runway**
**13.50 The Path**
**14.45 The Night Shift**
**15.30 Heilsugengið**
**15.55 10 Puppies and Us**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.25 Fréttayfirlit og veður**
**19.30 Arrested Developement** Fimmta þáttaröðin um hina stórskrýtnu en dásamlega fyndnu Bluth-fjölskyldu. Eitt og annað hefur drifið á daga þeirra síðan í síðustu þáttaröð. Enn mæðir þó á Michael að halda utan um fjölskylduna enda eru þau varla í tengslum við raunveruleikann og halda áfram að gera honum lífið leitt. Það verður enginn svikinn af þessum óborganlegum gamanþáttum þar sem ferskur og hárbeittur húmor eru ávallt skammt undan.
**19.55 Arrested Developement**
**20.20 The Truth About Your Teeth**
**21.10 The Detail**
**21.55 Nashville**
**22.40 High Maintenance** Önnur syrpa þessara gamanþátta sem fjalla um gaur sem hefur lífsviðurværi sitt af því að selja kannabis til ólíkra einstaklinga sem allir eiga það sameiginlegt að vera taugarveiklaðir en þó mismikið. Samband gaursins og kúnnanna ristir þó dýpra en hefðbundið viðskiptasamband því þeirra á milli hefur myndast vinskapur sem hentar báðum aðilum.
**23.10 Deception**
**23.55 NCIS**
**00.35 Barry** Meinfyndinn gamanþáttur frá HBO um hinn lánlitla launmorðingja Barry en óvænt verkefni rekur hann til Los Angeles. Það sem í upphafi leit út fyrir að vera tíðindalaus og frekar venjuleg vinnuferð breytist í óvænta vegferð til betra lífs hjá söguhetjunni okkar. Fyrir tilviljun hittir hann lífsglaðan og litríkan leikstjóra áhugamannaleikhúss og hóp af leikurum sem hann finnur samleið með. Í kjölfarið veltir hann því fyrir sér hvort leiklistin sé ekki hans hilla í lífinu frekar en launmorð.
**01.10 Taboo**
**02.05 Taboo**
**03.05 American Honey**
**05.45 10 Puppies and Us**

## STÖÐ 2 SPORT

**09.45 Ísland - Slóvenía**
**11.25 Formúla 1: Kanada - Kappakstur**
**13.30 Víkingur - ÍBV**
**15.10 Goðsagnir - Guðmundur Steinsson**
**15.45 Grindavík - Breiðablik**
**17.35 Pepsi-mörkin**
**19.00 Breiðablik - Fylkir**
**21.15 Fram - Haukar**
**22.55 UFC Now 2018**
**23.45 Fyrir Ísland**

## STÖÐ 3

**19.10 Man Seeking Woman**
**19.35 Last Man on Earth**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Stelpurnar**
**21.15 Two and a Half Men**
**21.40 The Newsroom**
**22.40 The Hundred**
**23.25 Supergirl**
**00.35 Last Man on Earth**
**01.00 Seinfeld**
**01.25 Friends**
**01.50 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24 Svampur Sveins**
**07.49 Lalli**
**07.55 Rasmus Klumpur**
**08.00 Strumparnir**
**08.25 Hvellur keppnisbíll**
**08.37 Ævintýraferðin**
**08.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00 Stóri og Litli**
**09.13 Grettir**
**09.27 K3**
**09.38 Mæja býfluga**
**09.50 Tindur**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveins**
**11.49 Lalli**
**11.55 Rasmus Klumpur**
**12.00 Strumparnir**
**12.25 Hvellur keppnisbíll**
**12.37 Ævintýraferðin**
**12.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00 Stóri og Litli**
**13.13 Grettir**
**13.27 K3**
**13.38 Mæja býfluga**
**13.50 Tindur**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveins**
**15.49 Lalli**
**15.55 Rasmus Klumpur**
**16.00 Strumparnir**
**16.25 Hvellur keppnisbíll**
**16.37 Ævintýraferðin**
**16.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00 Stóri og Litli**
**17.13 Grettir**
**17.27 K3**
**17.38 Mæja býfluga**
**17.50 Tindur**
**18.00 Dóra könnuður**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00 Elías og fjársjóðsleitin**

**Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Golfing World**
**08.50 ShopRite LPGA Classic**
**10.45 Fed Ex ST. Jude Classic**
**15.45 PGA Highlights**
**16.40 ShopRite LPGA Classic**
**18.35 Golfing World**
**19.25 Champions Tour Highlights**
**20.20 Fed Ex ST. Jude Classic**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.40 A Quiet Passion**
**13.45 Southside with You**
**15.10 Maggie's Plan**
**16.50 A Quiet Passion** Dramatísk mynd frá 2016 sem byggð er á sönnum atburðum með Cynthiu Nixon, Jennifer Ehle og Keith Carradine. Bandaríska ljóðskáldið Emily Dickinson fæddist 1830 og þótt ljóð hennar sum næðu hylli var líf hennar mikil ráðgáta í augum samtíðarfólks hennar. Í þessari vönduðu mynd reynir leikstjórinn Terence Davies að varpa ljósi á líf Emily Dickinson sem mestan hluta ævi sinnar lifði í einrúmi og blandaði lítt geði við aðra nema með bréfaskriftum og að sumu leyti í gegnum ljóð sín.
**18.55 Southside with You**
**20.20 Maggie's Plan**
**22.00 Hulk** Frábær hasar- og ævintýramynd. Vísindamaðurinn Bruce Banner er náungi sem þú vilt ekki reita til reiði. Alltaf þegar Bruce missir stjórn á skapi sínu breytist hann í ógurlegt skrímsli. Betty Ross er sú eina sem fær tjónkað við vísindamanninn enda er hann bálskotinn í henni. Það hvernig Bruce umturnast á sér ógeðfelldar skýringar sem eru hluti af fortíð hans. Myndin er byggð á heimsþekktri sögu sem sló fyrst í gegn fyrir fjörutíu árum.
**00.20 Almost Married**
**02.00 Desierto**

## RÚV

**16.30 Golfið**
**16.55 Leiðin á HM**
**17.25 Veiðikofinn**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Tré-Fú Tom**
**18.22 Krakkastígur**
**18.27 Sanjay og Craig**
**18.50 Vísindahorn Ævars**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veður**
**19.30 Ísland - Litháen**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Stúlkurnar í Ouagadougu**
**23.20 Tilgangurinn helgar meðalið**
**00.50 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.40 The Tonight Show**
**09.20 The Late Late Show**
**10.00 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.25 King of Queens**
**12.50 How I Met Your Mother**
**13.10 Dr. Phil**
**13.50 Odd Mom Out**
**14.15 Royal Pains**
**15.00 Man With a Plan**
**15.25 Gudjohnsen**
**16.15 Everybody Loves Raymond**
**16.40 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 American Housewife**
**20.10 Kevin (Probably) Saves the World**
**21.00 The Resident**
**21.50 Quantico**
**22.35 Incorporated**
**23.25 The Tonight Show**
**00.45 Touch**
**01.30 9-1-1**
**02.15 Instinct**
**03.05 How to Get Away With Murder**
**03.50 Zoo**
**04.40 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





2 ARRESTED DEVELOPEMENT
KL. 19:30
Skemmtilegir þættir um hina stórskrýtnu en dásamlega fyndnu Bluth-fjölskyldu. Eitt og annað hefur drifið á daga þeirra síðan í síðustu þáttaröð en þau eru söm við sig þegar kemur að óvæntum uppákomum og vandræðalegum augnablikum.




Frábær Fimmtudagur
Fáðu þér áskrift á stod2.is




2 THE TRUTH ABOUT YOUR TEETH
KL. 20:30
Vandaður og mjög áhugaverður heimildarþáttur sem fjallar um allt sem viðkemur tönnum og tannheilbrigði, hvað við getum gert til að viðhalda góðri tannheilsu og rætt verður við nokkra einstaklinga sem glíma við ýmiss konar tannvandamál.

2 THE DETAIL
KL. 21:30
Dramatískir sakamálaþættir um þrjár ólíkar lögreglukonur sem eiga það sameiginlegt að leysa erfið glæpamál í vinnunni en þurfa líka að vera hörkutól á öðrum vígstöðvum.




2 NASHVILLE
KL. 22:15
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



3 THE NEWSROOM
KL. 21:40
Magnaðir og dramatískir þættir sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttaþular stöðvarinnar.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
stod2.is

# FARIÐ MEÐ SVARIÐ Í FERÐALAGIÐ

## ALLT Í EINUM PAKKA

Bók · App · Kort




45 ÁRA
AFMÆLISÚTGÁFA

## ELDGOS

Allt frá því 1973 – árið sem eldgosið varð í Heimaey hefur Vegahandbókin verið fastur förunautur á ferðalagi landsmanna.Bókin miðlar fróðleik af öllu tagi. Hún hefur verið í stöðugri uppfærslu frá fyrstu útgáfu þar sem lögð er áhersla á að segja frá nýjungum sem eiga sér stað á landinu öllu.

## KAUPAUKI

Í tilefni 45 ára afmælis Vegahandbókarinnar fylgir nú með henni óvenju vandað ferðakort (1. 500 000) sem **kaupauki að verðmæti 2.500 kr.** og snjalltækjaútgáfa bókarinnar (APP). **Kóði bókarappsins gildir sem happdrættismiði.**

## VEGLEGIR VINNINGAR

Í júní og júlí verður dregið vikulega úr veglegum vinningum úr innsendum **app-kóðum á heimasíðu okkar "vegahandbokin.is".** Meðal vinninga eru þyrluflug, gisting á góðum hótelum, út að borða og margt fleira. Skelltu þér á bók og komdu þér í pot-

## AFMÆLISVERÐ

**Verðmæti pakkans er 9.000 kr.** en við bjóðum hann á **4.990 kr.**

**vegahandbokin.is // 562 2600 // info@vegahandbokin.is // Sundaborg 9, 104 RVK**



The Chemical Brothers leggja mikið upp úr miklu sjónarspili á tónleikum eins og sjá má.

# Taktar munu hrista blokkir

**The Chemical Brothers eru á leið til landsins. Þessi breska rafsveit var í fararbroddi í big beat stefnunni sem naut vinsælda fyrir tuttugu árum en þeir hafa þó aldrei orðið hallærislegir og halda áfram að gera það gott.**

Kemísku bræðurnir Tom Rowlands og Ed Simons eru á leið til landsins og er það vel. The Chemical Brothers er líklega eitt stærsta nafnið úr hinni svokölluðu big beat bylgju sem reið yfir heimsbyggðina á tíunda áratugnum. Að sjálfsögðu lenti stefnan hér á Íslandi og gerði allt vitlaust – það má færa rök fyrir því að Uxi árið 1995 hafi kannski verið hápunkturinn (lágpunkturinn segja íhaldssamir foreldrar þessa tíma).

Mörg af þessum stóru nöfnum úr big beat senunni hafa komið til landsins og eru Chemical Brothers eins konar kirsuber ofan á þennan big beat ís sem við höfum verið svo heppin að geta gætt okkur á síðustu árin og áratugina.

## Hvað er big beat?

Meistari Fatboy Slim sagði það best í viðtali við NPR árið 2011 þegar hann var að svara spurningunni um hvernig Bretar náðu að selja Ameríkönum elektróníska tónlist: „Nafnið kom frá klúbbnum okkar, The Big Beat Boutique, sem ég er ákaflega stoltur af. Ég hef alltaf talið formúluna bak við big beat vera trommutaktarnir úr hipphoppi, orkan úr acid house, og popp-næmi Bítlanna, smá dass af pönki, öllu rúllað saman í eina feita pönnuköku. Sveitir eins og The Prodigy og The Chemical Brothers – við sáum svipaða hluti hjá Bítlunum og Rolling Stones, en þeir hlustuðu á sálartónlist og blús þegar þeir voru yngri og seldu svo könunum enskar útgáfur af þessari músík.“



The Prodigy spilaði í Laugardalshöllinni 1996, 1998 og 2004. Þeir elska þessa höll.



*Tónlistarhátíðin Uxi verður haldin á Kirkjubæjarklaustri. Kristinn Sæmundsson framkvæmdastjóri:*

„Ekki eitthvert vinsældajukk“

Björk er hápunkturinn

Létt dagskrá fyrir alla fjölskylduna

## The Prodigy

Rokkstjörnurnar í The Prodigy hafa margoft komið til landsins. Þeirra fyrsta ferð var á hina alræmdu hátíð Uxa árið 1995. Hún var greinilega svo skemmtileg að síðan þá hafa þeir aftur og aftur komið til landsins – síðast mættu þeir á Secret Solstice hátíðina í fyrra.

**Föstudaginn 22. júní mun FRÉTTABLAÐIÐ í samstarfi við GLAMOUR gefa út aukablaðið**

## HÚÐ & HÁR

Í þessu glæsilega blaði mun ritstjórn GLAMOUR og ritstjórn sérblaða Fréttablaðsins taka höndum saman. Boðið verður upp á flott viðtöl og fróðlega umfjöllun þar sem umhirða húðar og hárs er í forgrunni.

Harpa Káradóttir förðunarfræðingur og ritstjóri fegurðarkafla GLAMOUR verður í viðtali, því til viðbótar verða ýmsir fleiri fróðleiksmolar frá ritstjórn GLAMOUR og Fréttablaðsins.

Ljóst er að mikill metnaður verður lagður í allt efni blaðsins.
Stór dreifing og mikill lestur Fréttablaðsins tryggir að blaðið nær afar vel til ákjósanlegra markhópa.

**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
**Ólafur H. Hákonarson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.**
**Netfang olafurh@frettabladid.is • Sími 512 5433**





## Fatboy Slim

Fatboy Slim var einn sá stærsti í senunni og er enn að spila plötur fyrir ótrúlega stóra hópa fólks í heimabæ sínum Brighton (og um allan heim). Hann mætti til landsins á Airwaves árið 2002 og svo gerði hann sér lítið fyrir og kom aftur á Sónar hátíðina 2016. Hann smakkaði víst súrhval í fyrri heimsókninni og líkaði ekkert sérstaklega vel.



# Propeller-heads á busaballi

HLJÓMSVEITIN Propellerheads lék á busaballi Menntaskólans við Hamrahlíð sem haldið var í matsal skólans í vikunni. Nemendur voru ... ivímu og hljómsveitin lék við ... sinn fingur. Ljósmyndari ... nblaðsins fór í skopparagall- ... g fangaði ...

BRYNDÍS Yngvadóttir og Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir.

MH-ingar fengu Propellerheads í heimsókn í einhverju hádeginu árið 1996.

## Propellerheads

kom til landsins árið 1996 og spilaði meðal annars á MH-balli við mikinn fögnuð nemenda skólans.


























Dóra Júlía verður með gleði á Petersen svítunni í kvöld þar sem hinir nýju tónar munu fá að hljóma. Bleikt þema verður um alla svítuna allt frá bleikum drykkjum að bleikum makkarónum. MYNDIR/ANNA PÁLMA

# Stelpur skulda heiminum ekki neitt

**Dóra Júlía Agnarsdóttir** gefur út sitt fyrsta lag á miðnætti undir listamannsnafninu J'adora. Lagið er um kúl stelpur sem bara fá að vera þær sjálfar óháð fyrirfram ákveðnu normi sem ákveðið var af feðraveldinu.

Stundum er eins og stelpur þurfi að útskýra allt sem þær gera. Hvernig þær klæða sig og af hverju, hvernig þær haga sér hverju sinni, hvað þær segja og gera. En þær skulda ekki heiminum endalausa útskýringu á sjálfri sér. Þannig að lagið fjallar um kúl gellur sem eru bara að gera sitt og þannig í raun að standa með sjálfum sér," segir Dóra Júlía Agnarsdóttir sem gefur út sitt fyrsta lag undir listamannsnafninu J'Adora í samstarfi við Rok Records.

Pálmi Ragnar Ásgeirsson, úr tvíeykinu StopWaitGo, samdi lagið og það var upprunalega gert fyrir Hagkaupsauglýsingu. Stefið festist og vildi hann gera eitthvað meira úr því og hafði samband við Dóru. „Okkur datt í hug að gera smá þema úr þessu og þannig varð til þessi Art Pop pæling. Út frá því höfðum við samband við Ágústu Ýri, sjónlistamann í New York, og hún gerði þetta líka snilldarmyndband. Stella Rósenkranz danshöfundur kom inn í þetta með hreyfingar og danspælingar," segir hún.

Hún segir að þótt lagið sé eftir Pálma sé heildarpakkinn eftir sig. „Þetta er algjört girl power," segir hún ákveðin. „Það er eitthvað sem ég hef staðið fyrir allt mitt líf. Það má segja að heildarmynd lagsins sé út frá mér sjálfri sem og öðrum stelpum sem vilja bara fá að vera þær sjálfar óháð þessu fyrir fram ákveðna normi sem fyrrverandi feðraveldi hefur svolítið ákvarðað."

> **HUGMYNDIN VAR AÐ BÚA TIL EITTHVAÐ SVOLÍTIÐ NÝTT OG SKEMMTILEGT, ÞETTA ART POP DÆMI. AÐ BLANDA SAMAN ÓLÍKUM LISTFORMUM, SEM VAR TIL DÆMIS ÞAÐ SEM ÉG SKRIFAÐI BA-RITGERÐINA MÍNA Í HÁSKÓLANUM UM.**

Dóra Júlía lærði listfræði í Háskólanum og segist hafa mikinn áhuga á listrænni stjórnun og hvernig ólík listform vinna saman. „Hugmyndin var að búa til eitthvað svolítið nýtt og skemmtilegt, þetta Art Pop dæmi. Að blanda saman ólíkum listformum, sem var til dæmis það sem ég skrifaði BA-ritgerðina mína í háskólanum um. Ný bylgja af poppi, sem blandar líka inn pælingum í okkar lífi."

benediktboas@frettabladid.is



## Dóra Júlía í nokkrum orðum

***Af hverju ertu að gefa út lag?***
Af hverju ekki, möguleikarnir eru endalausir.

***Hver er uppáhaldsliturinn þinn?***
Bleikur.

***Uppáhaldsfatamerki?***
Zadig&Voltaire, Alexander McQueen.

***Hverjar eru þínar fyrirmyndir?***
Kate Moss, Edie Sedgwick og Audrey Hepburn. Yngri stelpur og stelpur útum allt.

***Hver eru þín skilaboð til kvenna?***
Ekki takmarka þig því einhverjum öðrum finnst óþægilegt hvernig þú ert.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# PHILIPS TILBOÐ

## HM 2018 Á HEIMAVELLI




## 32" Philips sjónvarp fylgir völdum 65" og 75" sjónvörpum

**Ný og betri upplifun**
Nýtt og endurbætt viðmót með Android 6.0 stýrikerfi sem einfaldar sjónvarpsupplifunina.

**Þú missir ekki af boltanum**
Þriggja hliða Ambilight baklýsing eykur þægindi við áhorf og dregur úr álagi á augun með því að endurvarpa litadýrð á nærliggjandi veggi. Þannig dregur Amibilight athyglina á réttan stað og þú sekkur inn í leikinn. Glæsilegt DTS HD Premium Sound hljóðkerfi sér til þess að ekkert fari framhjá þér með djúpum bassa og kristaltærum hljómi. P5

Perfect Picture Engine ásamt HDR Plus myndvinnslu gera stóraukin myndgæði með bjartari litum og meiri dýpt. Aukin skerpa og mýkri hreyfingar svo þú missir aldrei af boltanum.

**Öll helstu nútímaþægindi**
Quad Core örgjörvinn tryggir hraða, snerpu og betri skemmtun. Stílhrein hönnun með þunnum ramma gerir tækin nútímalegri ásamt því að allir helstu tengimöguleikar eru til staðar. Völdum 65" og 75" Philips sjónvörpum fylgir nett 32" sjónvarp að verðmæti 39.995 kr. sem er tilvalið í eldhúsið, sumarbústaðinn eða barnaherbergið.




Philips 65PUS7303

TILBOÐ
**179.995**
FULLT VERÐ 219.995




Philips 65PUS7803

TILBOÐ
**229.995**
FULLT VERÐ 259.995




Philips 65PUS8503

TILBOÐ
**279.995**
FULLT VERÐ 329.995




Philips 75PUS7803

TILBOÐ
**369.995**
FULLT VERÐ 419.995

PHILIPS

Heimilistæki ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • Austurvegi 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Jónu Hannar Bolladóttur



# Snjallsímablinda

Við eigum öll ósvífni í skúmaskoti sálarinnar. Eitt af því sem ég skemmti mér yfir á netinu eru upptökur þar sem fólk gengur með snjallsímana sína og sendir sms endalaust gangandi ýmist ofan í gosbrunna eða á staura. Og það er svo auðséð að þetta er falin myndavél. Ástæða gleði minnar er sú að mér finnst svo erfitt að sjá fólk út um allt í endalausum samskiptum við þetta tæki.

Einhver myndi segja að það bæri vott um það að ég sé miðaldra kelling. Já, og? Það hefur nánast orðið að trúarbrögðum hjá mér að nota bara spjallsíma en alls ekki snjallsíma. Það getur verið vegna þess að ég óttast að verða forfallin eins og fólkið í myndböndunum. Það gerist æði oft að maður mætir fólki sem er að pikka á símann sinn og víkur ekki úr vegi og ég fer alltaf í gegnum það í huganum að víkja ekki og lenda frekar í samstuði við manneskjuna, en veit að það er of gremjuleg aðferð því að ég er hvorki staur né gosbrunnur.

Um daginn á leiðinni í vinnu dansaði bíll á veginum fyrir framan mig og ég gaf mér að ökumaðurinn væri í svipuðu ástandi og Edda Björgvins lék í áramótaskaupinu '84 þegar Laddi í hlutverki lögreglumanns gerði tilraun til að stöðva hana. Og þegar bíllinn nam staðar á rauðu ljósi stökk ég út og opnaði dyrnar hjá ökumanni sem reyndist ekki drukkin frú í pels heldur ung stúlka sem var í þann mund að ljúka við sín gríðarmikilvægu skilaboð. Stúlkan horfði á mig skelfingaraugum en ég sagði við hana: „Ó, ég hélt að þú værir drukkin en ég sé að þú ert að pikka á símann þinn!“ Ég hitti einn afa um daginn sem hefur þann sið að biðja afkomendur sína að geyma snjallsímana í körfu frammi í forstofu svo að hægt sé að halda uppi eðlilegum samskiptum á meðan fjölskyldan kemur saman. Það er snilldarhugmynd.










WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS